

blað

STÉTTARFÉLAGANNA

2. tbl.
7. árg.

Maí
2017

„Sameining er fyrsta og síðasta boðorð
verkalýðshreyfingar, og ekkert annað
er verkalýðshreyfing.“

– Halldór Kiljan Laxness



**Blað stéttarfélaganna er gefið út af
SFR stéttarfélagi í almannajónustu og
Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar.**

Ábyrgðarmenn

Árni Stefán Jónsson,
formaður SFR
Garðar Hilmarsson,
formaður St.Rv.

Ritnefnd

Áslaug Finnsdóttir, St.Rv.
Borghildur Hertervig, St.Rv.
Einar Ólafsson, St.Rv.
Elín Helga Jóhannesdóttir Sanko, SFR
Guðrún V. Bóasdóttir, SFR
Jóhanna Sóley Gunnarsdóttir, SFR
Svala Norðdahl, SFR
Þorsteinn V. Einarsson, St.Rv.
Þórdís B. Sigurgestsdóttir, St.Rv.
Vésteinn Valgarðsson, SFR

Ritstjóri

Ingimar Karl Helgason

Prófarkalestur

Stefanía Helga Skúladóttir

Lausapennar

Atli Þór Fanndal
Erla Hlynisdóttir

Umbrot

Atli Þór Fanndal

Prentun

Guðjónó, vistvæn prentsmiðja
ISSN: 1670-881



Skrifstofur félaganna



Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar

Grettisgata 89
105 Reykjavík
Sími: 525 8330
Fax: 525 8339
Netfang: strv@bsrb.is
www.strv.is



SFR stéttarfélag í almannajónustu

Grettisgata 89
105 Reykjavík
Sími: 525 8340
Fax: 525 8349
Netfang: sfr@sfr.is
www.sfr.is

1. maí alla daga

„Það er og verður vonardraumur kapítalista að hvar sem tveir verkamenn eru að starfi standi þeir í rifrildi hvor við annan um stéttarmál sín; og hvar sem verkalyðssamband er starfandi í landi verði reynt að kljúfa það í tvö verkalyðssambönd sem standi á öndverðum meiði.“ Þetta mælti Halldór Laxness í útvarpserindi 1. maí 1948. Erindi sem aldrei var flutt, en var síðar prentað.

Hér er lögð áhersla á samstöðuna. Á samstöðu launafólks. Hún á við alla daga, hvort sem það er 1. maí eða einhver annar dagur. Hagsmunir okkar sem seljum tíma okkar og vinnu eru alls staðar hinir sömu gagnvart þeim sem kaupa af okkur vinnuna. Hvort sem launagreiðandinn er hið opinbera eða einkafyrirtæki. Og hagsmunirnir eru hinir sömu alveg óháð því hvaða lífsskoðun við aðhyllumst, hvort við trúum á guð eða ekki, hvort við höldum með Þrótti eða Skaganum, hvort við búum í Reykjavík eða utan hennar. Óháð því hvað við merkjum við í kjörklefanum. Hagsmunirnir eru líka þeir sömu hvort sem starfsvettvangurinn er kennslustofan, móttakan á LSH, frístundaheimili, kassinn í Bónus, undir strýri á strætó eða í slökkviliðinu. Við eigum sameiginlega hagsmuna að gæta og um þess hagsmuni verðum við að standa saman.

Þetta gerum við í verkalyðshreyfingunni. Hún er verkfæri til baráttu og byggir á okkar eigin samstöðu. Hvort sem við verjum réttindi eða sækjum okkur ný eða tryggjum kjörin. Við höfum séð fámennri auðstétt vaxa fiskur um hrygg undanfarin ár og raunar áratugi. Ekki er langt síðan að í Fréttatímanum birtist yfirlit sem sýnir að skipting þjóðarkökunnar hefur breyst gríðarlega á skömmum tíma. Þegar tekin voru saman laun, leiga, vextir og arður var staðan þannig fyrir síðustu aldamót að laun námu um þremur fjórðu og arður um 6 prósentum af þessari köku. Árið 2014 blasti við allt önnur staða. Laun hafa dregist verulega saman sem hlutfall af þessari heild. Námu þá tæpum 63 prósentum en arð-

greiðslusneiðin hafði þá meira en þrefaldast. Á sama tíma horfum við á eftir hverju fyrirtækinu á eftir öðru tilkynna um áform um að leggja niður starfsemi sem íbúar, til dæmis á Akranesi eða í Þorlákshöfn, hafa reitt sig á og sameiginlega lagt í miklar fjárfestingar í innviðum og velferðarkerfi til þess að leggja grunn að blómlegum samfélögum. Samfélögum sem upp úr þurru eru skilin eftir í uppnámi og angist, svo að arðgreiðslusneiðin geti gildnað enn frekar á kostnað launafólks. Við getum í þessu samhengi velt fyrir okkur áformum um frekari einkarekstur í heilbrigðis- og menntakerfinu sem hart er deilt um þessa dagana, eða framlög úr sameiginlegum sjóðum til opinberrar þjónustu sem við öll reiðum okkur á með einum eða öðrum hætti.

Á tímum sem þessum er brýnna en nokkru sinni fyrr að standa saman. Ekki aðeins við launafólkið, heldur einnig verkalyðshreyfingin sem þarf að koma fram fyrir okkar hönd sem órjúfanleg heild. Til þess þarf að ríkja traust milli aðila. Við verðum að muna að hagsmunir okkar eru hinir sömu. Hér þarf að muna eftir grunninum og þeim mikilvægu hagsmunum sem sameina okkur. Ekki aðeins í dag á baráttudegi verkalyðsins, heldur alla daga. Halldór Laxness kom auga á það fyrir sjötíu árum, margir á undan honum og margir síðan.

„Allir þeir menn sem koma sinn úr hverri áttinni, hver með sínar skoðanir og hugmyndir, þekkingu eða reynslu, til þess að selja vinnu sína, þeir eiga sömu hagsmuna að gæta gagnvart þeim sem kaupa vinnuna og sameiginlegur bakhjarl þeirra í lífsbaráttunni, sameiginlegur auður þeirra, mér liggur við að segja hið eina kapítal hvers einstaks verkamanns í lífsbaráttunni er kominn undir eindrægni verkalyðsins sem heildar undir einingu verkalyðssamtakanna.“

Við tökum undir með honum
Til hamingju með daginn!

Efnisyfirlit

Fréttir og fróðleikur.....	4
Unga fólkið skilið eftir.....	6
Dauðir hlutir dýrari en börnin.....	12
Fæstir í fullu starfi vegna álags.....	14
1. maí - Baráttudagur launafólks um allan heim.....	16
Stéttarfélög í alþjóðastarfi.....	19
Einkavæðing veikir grunnstoðir.....	22
Aukin velferð og sanngjörn tekjuskipting.....	24



Baráttudagur launafólks **1. MAÍ Í REYKJAVÍK**

Safnast saman á horni Laugavegs og
Snorrabrautar klukkan 13:00

Kröfuganga hefst klukkan 13:30

Útifundur á Ingólfstorgi settur klukkan 14:10

Dagskrá:

Söngfjlagið

Ræða Lilja Sæmundsdóttir
formaður félags hársnyrtisveina

Söngfjlagið

Ræða Garðar Hilmarsson
formaður Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar

Amabadama flytur 2 lög

Söngfjlagið/samsöngur – Maístjarnan og Internationalinn

Fundi slitið

Fundarstjóri: Þórarinn Eyfjörð
Táknmálstúlkun: Agnes Steina Óskarsdóttir

**Minnum á 1. maí kaffi í BSRB húsinu
að loknum baráttufundi**



Stofnanasamningar SFR: Ný launatafla

Unnið er að endurskoðun stofnanasamninga sem gerðir eru á grundvelli kjarasamnings SFR og ríkisins. Stór þáttur í því verkefni er að varpa starfsmönnum stofnana í nýja launatöflu, byggða á álagsþrepum í stað aldursþrepa, sem tekur gildi 1. júní 2017. Vegna þess liggur ljóst fyrir að stofnanir með SFR félagsmönnum komast ekki hjá því að fara yfir stofnanasamninga.

Hvað er stofnanasamningur?

Í stofnanasamningi kemur fram launasetning starfa og starfsheita hjá stofnun. Tækifæri innan stofnunar til launa- og starfsþróunar koma einnig fram í stofnanasamningum. Þá er útlistað hvernig fara skal með þætti eins og starfsaldur, menntun, bæði formlega eða sí- og endurmenntun, og aðra þætti bæði, persónulega- og tímabundna. Stofnanasamningur hefur því bæði að geyma grunn starfsheita og nánari út-

færslu á möguleikum starfsmanna til þróunar í starfi.

Af hverju ný launatafla?

Launataflan sem skipta á út er orðin talsvert skökk. Vegna þess er launaflokkur ekki það sama og launaflokkur nú fyrir upptöku nýju töflunnar. Þessi skekkja er lagfærð með nýju launatöflunni þar sem 2,5% eru milli bæði flokka og þrepa. Launaflokkar í töflunni sem horfið er frá skila frá tæpu 1% til tæpra 3%.

Auk þess að lagfæra bil milli þrepa og flokka er fallið frá því að fastsetja þrep við lífaldur. Í stofnanasamningum verður nú samið um útfærslu á hvaða atriði telji til launahækkana út í þrepin og hvað fari niður flokkana.

Forsendur við vörpun og kostnaður

Við vörpun er tryggt að enginn fái minna en sem nemur 4,5% hækkun. Að jafnaði

verður hækkunin nokkuð hærri, hátt í 7%, þar sem ríkið lagði til sérstakan pott til að auðvelda þetta umfangsmikla verkefni að varpa SFR félagsmönnum ríkisstofnana í nýju launatöfluna. SFR leggur upp með að vörpunin sé gerð með gegnsæju kerfi svo dregið sé úr einstaklingsbundnum ákvörðunum. Vegna þess hélt SFR vinnustofur í vetur fyrir samstarfsnefndir þar sem aðferðafræðin var kynnt.

Verkefnið fyrir júní

Þegar þessi orð eru rituð mætti vinna við endurskoðun stofnanasamninganna hafa miðað betur á flestum stofnunum. Ljóst er hvað verkefnið er eða að varpa þarf starfsheitum og einstaklingum í nýja launatöflu ásamt því að nýta tækifærið og yfirfara stofnanasamninga í heild. Tímarammi verkefnisins er einnig ljós, klára þarf vinnuna þannig að laun fyrir júní verði greidd skv. nýju launatöflunni.



SFR Nýtt félagsskírteini

Fljótlega geta félagsmenn átt von á því að fá nýtt félagsskírteini í pósti. Skírteinið er með örlítið öðru sniði en áður og er til frambúðar. Það þýðir að það er ekki endurnýjað á tveggja ára fresti eins og verið hefur hingað til og því þarf að gæta þess vel svo komist verði hjá þeim óþægindum sem fylgja endurnýjun kortsins. Ef kortið týnist þarf að snúa sér til skrifstofu félagsins. Hætti félagsmaður hjá félaginu er kortið um leið orðið óvirkt.

Félagsskírteinið er unnið í samstarfi við Íslandskortið/Frímann og er rafrænt auðkenniskort sem opnar ótal möguleika til að nýta kortið til auðkenningar í ýmsum verslunum og fá afslátt á vörum og þjónustu víðsvegar um landið. Upplýsingar um afsláttarkjör eru á heimasíðu félagsins www.sfr.is/um-sfr/utgafa/afslattur/. Til að nýta sér afsláttinn verða félagsmenn að framvísa félagsskírteini við upphaf viðskipta. Við hvetjum félagsmenn til þess að nýta sér þá afslætti sem það gefur.

Lóðum úthlutað til Bjargs



Elín Björg Jónsdóttir, formaður BSRB, skrifaði undir samkomulag um lóðirnar ásamt Gylfa Arnbjörnssyni, forseta ASÍ, Degi B. Eggertssyni borgarstjóra og Birni Traustasyni, framkvæmdastjóra Bjargs í lok mars..

Reykjavíkurborg hefur skuldbundið sig til að úthluta alls 1.000 lóðum til íbúða-félagsins Bjargs sem BSRB og ASÍ stofnuðu í fyrra. Á þeim þremur lóðum sem nú hefur verið úthlutað er stefnt á að reisa alls 236 íbúðir. Lóðirnar eru í Spönginni í Grafarvogi, í Úlfarsárdal við Urðarbrunn og á Kirkjusandi við Hallgerðargötu.

Við uppbygginguna verður horft til hugmynda um félagslega blöndun, íbúalýðræði og hönnun. Miðað er við að Félagsbústaðir Reykjavíkurborgar eignist eða fái til úthlutunar að jafnaði 10 til 20 prósent íbúða í uppbyggingarverkefnum. Íbúðir á skipulagssvæðunum eru fyrir fjölbreyttan hóp íbúa og eru misstórar.

Leigðar til langs tíma

Íbúðir Bjargs verða svokölluð Leiguheimili og byggja á nýjum húsnæðis-lögum um almennar íbúðir. Íbúðirnar verða leigðar út til langs tíma til fólks með lágar- og meðaltekjur. Lögð verður

áhersla á hagkvæmni í byggingu, rekstri, endingu og góða nýtingu á rýmum, án þess að það verði á kostnað gæða.

Bjarg íbúðafélag er leigufélag sem BSRB og ASÍ stofnuðu á síðasta ári. Félagið er rekið sem sjálfseignarstofnun án hagnaðarmarkmiða. Því er ætlað að tryggja tekjulágum fjölskyldum á vinnu-markaði aðgengi að ódýru, öruggu og vönduðu íbúðarhúsnæði. Árni Stefán Jónsson, formaður SFR, og Garðar Hilmarsson, formaður St.Rv. eiga báðir sæti í stjórn Bjargs fyrir hönd félaga sinna.

Öfugpróun: Aukið álag á mæður

Mæður axla meginábyrgð á umönnun barna fram að því að dagvistunarúrræði geta tekið við meðan sífellt færri feður fara í fæðingarorlof. Frá því að hámarksgreiðslur hófu að skerðast hefur hlutfall feðra farið úr 90% árið 2008 í 74% á síðasta ári. Hlutfallið hefur lækkað hratt á milli ára, en á árinu 2015 nýttu um 80% feðra rétt til fæðingarorlofs, samkvæmt bráðabirgðatölum. Þeir eru sömuleiðis skemur í orlofi en áður. 75 dagar á ári í fyrra. 84 árið áður en 101 dagar að jafnaði árið 2008.

Sambærilegar mælingar á fæðingarorlofi mæðra standa því sem næst í stað eða breytast aðeins lítillega. Þetta sýnir að það eru mæðurnar sem axla meginábyrgð á umönnun barna þar til dagvistunarúrræði taka við.

Hluti af vandanum er sá að engin trygging er fyrir dagvistunarúrræði

að loknu fæðingarorlofi hér á landi. Dæmi eru um að sveitarfélög utan höfuðborgarinnar bjóði börnum upp á leikskólalátt frá eins árs aldri en á höfuðborgarsvæðinu er það nær tveggja ára aldri. Reykjavíkurborg hefur þó tilkynnt um að nokkrar leikskóladeildir fyrir ung börn verði opnaðar í haust.

Áhrif fæðingarorlofskerfisins og stefna stjórnvalda til dagvistunarmála hafa því þau áhrif að mæður axla meginábyrgð á umönnun barna á fyrsta aldursári þeirra og jafnvel lengur. Það hefur neikvæð áhrif á atvinnuþátttöku þeirra og getur haft áhrif á starfsþróunarmöguleika og tækifæri.

BSRB telur mikilvægt að lengja fæðingarorlofið í 12 mánuði. Þá þurfa hámarksgræiðslur að hækka í að minnsta kosti 600 þúsund krónur á mánuði. Greiðslur að 300 þúsundum á ekki að skerða.

Vinnuvikan stytt

Fjórir vinnustaðir hafa verið valdir til að taka þátt í tilraunaverkefni ríkisins og BSRB um styttingu vinnuvikunnar. Markmiðið með verkefninu er að kanna hvort stytting vinnuviku leiði til gagnkvæms ávinnings starfsmanna og viðkomandi vinnustaða.

Mikill áhugi var á að taka þátt í verkefninu en niðurstaðan varð sú að þeir vinnustaðir sem hefja tilraunina að þessu sinni eru Lögreglustjórinn á Vestfjörðum, Ríkisskattstjóri, Útlendingastofnun og Þjóðskrár.

„Við fögnum þessum áfanga í áralangri kröfu okkar um styttingu vinnuvikunnar. Reykjavíkurborg hefur staðið fyrir tilraun um styttingu vinnutíma á annað ár og niðurstöðurnar eru afar jákvæðar. Nú bætist ríkið við,“ segir Elín Björg Jónsdóttir, formaður BSRB.

Tilraunaverkefnið mun standa í eitt ár, frá 1. apríl síðast liðnum og til 1. apríl 2018. Vinnustundum starfsmanna verður fækkað úr 40 á viku niður í 36 stundir án þess að til launaskerðingar komi. Rannsakað verður hver áhrif styttingar vinnutímans verða á gæði og hagkvæmni þjónustu sem vinnustaðirnir veita, auk áhrifa á vellíðan starfsmanna og starfsanda. Sambærilegar mælingar verða gerðar á vinnustöðum þar sem vinnuvikan verður óbreytt til að fá samanburð.

Kjarasamningar við Reykjavík og Strætó

Breytingar verða á uppbyggingu á launatöflu sem gildir frá 1. júní 2017 í kjarasamningum við Reykjavíkurborg og Strætó. Laun samkvæmt nýrri launatöflu verða greidd 1. júní hjá þeim sem eru á fyrirframgreiddum launum en 1. júlí hjá þeim sem eru á eftirágreiddum launum.

Ný tengiregla starfsmats

Ný tengiregla við mat á starfi verður notuð til að reikna út nýjan grunnlaunaflokk fyrir hvert starfsheiti. Upplýsingar um nýja launaflokka samkvæmt nýrri tengireglu má finna á heimasíðu strv.is

Lífaldur í launatöflu felldur brott

Stærsta breytingin er sú að þrep vegna lífaldurs verða felld brott. Nú fara allir í nýjan grunnlaunaflokk í sama starfi.

Álagsprósentur

Í stað launaflokka vegna starfsþróunar (starfsaldurs) fá starfsmenn álagsprósentu á grunnlaunaflokk. Í núverandi kerfi bætist við launaflokkur eftir 1, 3, 5, 7, 9 og 12 ár í starfi, að hámarki 6 launaflokkar. Í nýrri launatöflu fá starfsmenn 1,5% álag, við sömu tímamót, það er eftir 1, 3, 5, 7, 9 og 12 ár, að hámarki 9%.

Viðbótalaunaflokkar

Starfsmaður með viðbótalaunaflokka vegna hæfni eða viðbótarmenntunar þá halda þeir sér sem launaflokkar eftir sem áður. Tökum dæmi af launum 25 ára skólaliða með þriggja ára starfsreynslu. Miðað er við lífaldur og starfsþróun. Hann er með 285.423 krónur á mánuði. Frá 1. júní er ekki lengur miðað við lífaldur. En launin hækka á grunni starfsþróunar og verða 307.005 krónur.

Saga SFR komin út



Út er komin Saga SFR – Saga baráttu og sigra í sjótiu ár 1939-2009. Sagan er skráð af Þorleifi Óskarssyni sagnfræðingi og er ríkulega skreytt myndum úr starfi félagsins auk þess sem hana prýða myndir víða að frá þeim tíma

sem um er fjallað enda leitaði höfundur fanga víða í heimildum, bæði í eigu félagsins og einnig í opinberum gögnum. Þá leitaði höfundur einnig eftir viðhorfum nokkurra helstu áhrifavalda í sögu SFR og þeir fengnir til að skyggast inn í hina sögulegu vídd með það fyrir augum að dýpka umfjöllun bókarinnar þar má nefna auk nokkurra lykilstarfsmanna sem þátt tóku í starfi félagsins.



Unga fólkið skilið eftir

Unga kynslóðin hefur dregist aftur úr í tekjum á síðustu áratugum.

Unga kynslóðin hefur dregist aftur úr í tekjum á síðustu áratugum. Kaupmáttur hópsins hefur ekki aukist í samræmi við aðra hópa og raunar benda gögn til þess að beinlínis hafi dregið úr kaupmætti yngri aldurshópa frá því sem var um aldamótin síðustu og jafnvel í samanburði við 1990. Á því tímabili sem stefnir í að að verða lengsta samfellda efnahagsuppsveifla lýðveldissögunnar hafa yngri hópar orðið eftir þrátt fyrir aukinn kaupmátt og mikinn hagvöxt. Ofan á það hefur húsnæðisverð hækkað með ógnarhraða og fjármögnunarstuðningur dregist saman. Sé samfélagsleg staða hópsins skoðuð í samhengi við heilsu má sjá hátt hlutfall streitu, einmanaleika og óhamingju yngri hópa miðað við þá eldri. Stjórnmalapátttaka hópsins hefur dregist hratt saman og ýmis merki eru um að menningarleg staða hópsins sé lakari en hinna eldri.

„Það eru engar getgátur heldur köld staðreynd að ungt fólk sem hópur hefur það verra en aðrar kynslóðir sem þetta land byggir,“ sagði Björt Ólafsdóttir, umhverfis- og auðlindaráðherra, í sérstökum umræðum Alþingis um stöðu ungs fólks sem fór fram árið 2016. „Tekjur ungs fólks hafa dregist saman samanborið við eldri kynslóðir og unga fólkið hefur ekki notið sömu kaupmáttaraukningar og þeir eldri.“ Ummæli ráðherra - sem var óbreytt þingkona í stjórnarandstöðu þegar umræðan fór fram - eru engar ýkjur. Í mars árið 2016 kynnti Bjarni Benediktsson, sem þá var fjármálaráðherra í ríkisstjórn Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar, skýrslu um stöðu aldamótakynslóðarinnar og samanburð á efnahagslegri stöðu ungs fólks á undanförunum áratugum, einskonar kynslóðareikninga. Megin niðurstöður skýrslunnar er að ungt fólk hefur dregist aftur úr líkt og jafnaldrar þeirra erlendis. Fólk á aldrinum 18 til 35 ára hefur lægri kaupmátt í dag en árið 1990. Fólk nær hámarks-

tekjum seinna á ævinni en áður. Tekjuávinningur menntunar hefur lækkað frá því sem var. Frá árinu 2004 hefur hlutfall ungs fólks sem á eigin húseign lækkað og fasteignaverð hafði árið 2016 tvöfaldast frá því árið 1990 en raunverðið lækkað um helming á tímabilinu. „Sú staðreynd að fasteignaverð hefur hækkað verulega umfram ráðstöfunartekjur þessara aldurshópa bendir til að um þessar mundir sé greiðslubyrði lána ekki aðalvandamálið fyrir ungt fólk heldur öllu fremur getan til að safna fyrir útborgun, sem reynist erfiðari hjalli að yfirstíga,“ segir í skýrslunni.

Alþingi óskaði eftir skýrslu um stöðu yngstu kynslóðarinnar í kjölfar ítarlegs greinarflokks breska blaðsins The Guardian þar sem sýnt var fram á að ungt fólk hefur dregist verulega aftur í efnahagslegu tilliti víða um heim. Aldamótakynslóðin hefur dregist aftur í tekjum, nýtur ábata efnahagsuppgangs í minna mæli en eldri kynslóðir, býr við minna starfsöryggi, nýtur minni ábata af menntun og hefur orðið hlutfallslega verr fyrir barðinu á niðurskurði á stuðnings- og velferðarverkefnum en eldri kynslóðir. Ísland var ekki meðal þeirra ríkja sem blaðið fjallaði um en niðurstaðan er þó sú að þróunin hér á landi er í meginatriðum samskonar og í Evrópu og í Bandaríkjunum. Nokkrum vikum áður fjallaði breska vikublaðið The Economist um stöðu ungs fólks í heiminum í leiðara. Blaðið gekk raunar lengra í túlkun gagnanna en The Guardian og sagði ungt fólk kúgaðan minnihlutahóp, sakaði eldri kynslóðir um fyrir-litningu gagnvart hópnum sem og að beita ríkisvaldinu, lögum og auði í þágu eigin kynslóðar og gegn ungu fólki.


Greiningardeild Arion banka fjallaði um niðurstöður Guardian og í stuttri grein þar sem gerð var tilraun til að skilja efnahagslega stöðu ungs fólks á Íslandi og spurt hvort íslensk ung-



Tekjur yngsta hópsins lækkað frá aldamótum

Greiningadeild Arion banka fjallaði um stöðu ungs fólks árið 2016. Í umfjöllun bankans má finna sláandi niðurstöður sem meðal annars sýna að tekjur einstaklinga á aldrinum 16 - 29 ára hafa fallið verulega frá árinu 2000 og 2007. Þótt laun flesta hópa hafi staðnað eða falið eftir efnahagshrunið er yngsti hópurinn sá eini sem hefur lægri meðaltekjur í dag en árið 2000 og raunar svipaðar tekjur og árið 1990. Þá ýkist vandamálið vegna þess að laun þessa hóps jukust umtalsvert hægar en hjá öðrum hópum fram til ársins 2007.

Laun og aðrar starfstengdar tekjur
- á mánuði að meðaltali á verðlagi 2014



Heimildir: Hagstofa Íslands, Greiningardeild Arion banka.
*Skilyrt meðaltal, eingöngu þeir sem hafa tekjur.

menni hafi verið jafn illa svikin af eldri kynslóðum og erlendir jafnaldrar. Niðurstaða bankans er í stuttu máli sú sama. Íslendingar á aldrinum 20 - 29 ára hafa ekki notið kaupmáttaraukningar í samræmi við aðra og búa almennt við erfiðari stöðu en jafnaldrar þeirra árið 1990 gerðu.

„Það er athyglisvert að hverfa aftur til ársins 1990 og velta fyrir sér stöðu ungs fólks,“ sagði Bjarni Benediktsson er hann

ræddi stöðu ungs fólks árið 2016. Bjarni gerði lítið úr erfileikum hópsins og taldi stöðuna betri í dag; hann hefði jú, verið ungur árið 1990.

„Það eru engar getgátur heldur köld staðreynd að ungt fólk sem hópur hefur það verra en aðrar kynslóðir sem þetta land byggir“

Þegar Bjarni var tvítugur árið 1990 var fæðingarorlof vissulega styttra en í dag en þá hafði

félagslega húsnæðiskerfið ekki verið lagt niður, efnahagslegur ávinningur menntunar var umtalsvert hærri, húsnæðisverð lægra og samkeppni um störf með öðrum hætti en í dag. Þrátt fyrir þá tilfinningu Bjarna að hann hafi haft það erfiðara árið 1990 en yngri kynslóðin í dag sýna fyrirliggjandi gögn að slíkar tilfinningar gefa ekki rétta mynd. Yngsti hópurinn hefur orðið eftir þegar kemur að því að njóta efnahagslegs ávinnings hagvaxtar, skilvirkni og tækniþróunar. Atvinnuöryggi er minna, hámarkstekjum nær fólk síðar á ævinni, húsnæðiseign hefur lækkað og ungt fólk býr lengur heima hjá foreldrum sínum, eignast börn síðar og er lengur í námi.


Að auki eru merki þess að menningarleg og pólitísk staða hópsins sé verri en fyrri kynslóða. Árið 2008 vann Alþýðusamband Íslands að mótun Stefnu sambandsins í málefnum ungs fólks. Í skýrslunni var gerð tilraun til að greina hug ungs fólks og gildismat. Í skýrslunni kemur fram að stór hluti ungs

Öldrun þjóðarinnar

Samkvæmt mannfjöldaspá Hagstofunnar frá árinu 2016 mun á næstu áratugum hægja á fólksfjölgun samhliða því að aldurssamsetning mannfjöldans á Íslandi breytist þannig að úrgangar eldri kynslóða verða hlutfallslega stærri en úrgangar yngri kynslóða.

Þessi hröðun öldrunar, sem aðrar þjóðir ganga nú eða hafa gengið í gegnum, er nú þegar hafin hér á landi. Samkvæmt mannfjöldaspá mun fjöldi fólks á vinnufærum aldri, hér skilgreint sem 18 til 66 ára, fyrir hvern aldraðan einstakling lækka úr 5,4 í 4,6 á gildistíma fjármálaáætlunar ríkisstjórnarinnar.

Þrátt fyrir þessa þróun boðar fjármálaáætlun að ekki verði staðið við kosningaloforð um aukningu fjárframlaga til menntunar og heilbrigðismála. Þá setur áætlunin takmörkun á tekjuöflun ríkisins og lágmarkar fjárfestingu en greiðir þess í stað hraðar niður skuldir ríkisins.



Heimild: Hagstofa Íslands og tillaga að fjármálaáætlun fyrir árin 2018–2022



Hefðbundin hagstjórnartæki ekki nýtt til að ýta undir barneignir

Í nýlegri umsögn Alþýðusambands Íslands við fjármálastefnu ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks, Viðreisnar og Bjartrar framtíðar kemur fram gagnrýni á að þrátt fyrir að í stefnuskjalinu sé breyttri aldursamsetningu þjóðarinnar lýst sem úrlausnarefni séu hefðbundin hagstjórnartæki ekki nýtt til að stemma stigu við minnkandi barneignum.

„Eitt af þeim efnahagslegu úrlausnarefnum sem rætt er um í stefnunni að muni íþyngja fjármálum hins opinbera til framtíðar eru fyrirséðar breytingar á aldursamsetningu þjóðarinnar þegar hægir á fjölsfjölgun samhliða því sem árgangar eldri kynslóða verða sífellt stærri hluti mannfjöldans. Í því samhengi má nefna að skynsamleg langtímasýn í efnahagsmálum fæli í sér að nýta þau hagstjórnartæki sem geta haft jákvæð áhrif á aldursamsetninguna til framtíðar, ss. barnabætur, fæðingarorlof og húsnæðiskerfi sem þjónar ungu fólki.“

Hlutfall 20 - 29 ára á höfuðborgarsvæðinu í foreldrahúsum

2005	30.6%
2006	30.9%
2007	32.4%
2008	35%
2009	33.9%
2010	36.7%
2011	37.8%
2012	38.1%
2013	39.5%
2014	41.1%
2015	41.8%

Heimild: Stundin, 15. febrúar - 1. mars 2007 - Ungt fólk fjórir klær GAMMA og heldur sig í hreiðrinu

„Almennt ættu allir Íslendingar að hafa það mun betra í dag en á þessum samanburðarárum frá 1990“

þerla þarf að fara fram með stefnu þar sem ýtt er undir barn-eignir, fjölskyldumyndun og menntun. Í skýrslunni kemur fram að stórt hlutfall hópsins sé aðeins með grunnmenntun og eigi því erfiðara með að fóta sig á breyttum atvinnumarkaði og nýta þau tækifæri sem eru til staðar. Lögð er áhersla á að auka aðgengi hópsins að endur- og starfsmenntun. Þá er bent á að „nýta verði velferðarkerfið í heild sinni til þess að jafna kjörin á milli kynslóða og létta á þunga framfærslubyrði ungra fjölskyldna.“ Þrátt fyrir þetta hefur á undanförunum árum gjarnan verið gripið til aðgerða sem ganga þvert á þessi markmið. Niðurskurður í velferðar- og menntamálum bitnar hlutfallslega verr á ungu fólki en fólki á miðjum aldri. Aðhald hjá leik- og grunnskólum er ungu barneignafólki erfitt og ýtir fólki út í að eignast börn síðar á ævinni. Aukið launabil milli starfsmanna og yfirmanna bitnar harðar á ungu fólki sem er ólíklegt til þess að vera í störfum sem krefjast meiri reynslu og lengri starfsævi. Hækkun fasteignaverðs bitnar harðar á ungu fólki sem er að reyna að komast á eignarbraut. Stífari lánakröfur bitna á yngri fólki í leit að sinni fyrstu íbúð. Hröð hækkun fasteignaverðs gerir ungu fólki erfiðara fyrir að safna sér fyrir útborgun og bitnar því harðar á þeim hóp. Skatta-

fólks telur mikilvægt að skapa jafnvægi milli vinnu og einkalífs. Nauðsynlegt er talið að lengja fæðingarorlof í tólf mánuði, huga þarf sérstaklega að dagvistun barna og hið opin-

bera þarf að fara fram með stefnu þar sem ýtt er undir barn-eignir, fjölskyldumyndun og menntun. Í skýrslunni kemur fram að stórt hlutfall hópsins sé aðeins með grunnmenntun og eigi því erfiðara með að fóta sig á breyttum atvinnumarkaði og nýta þau tækifæri sem eru til staðar. Lögð er áhersla á að auka aðgengi hópsins að endur- og starfsmenntun. Þá er bent á að „nýta verði velferðarkerfið í heild sinni til þess að jafna kjörin á milli kynslóða og létta á þunga framfærslubyrði ungra fjölskyldna.“ Þrátt fyrir þetta hefur á undanförunum árum gjarnan verið gripið til aðgerða sem ganga þvert á þessi markmið. Niðurskurður í velferðar- og menntamálum bitnar hlutfallslega verr á ungu fólki en fólki á miðjum aldri. Aðhald hjá leik- og grunnskólum er ungu barneignafólki erfitt og ýtir fólki út í að eignast börn síðar á ævinni. Aukið launabil milli starfsmanna og yfirmanna bitnar harðar á ungu fólki sem er ólíklegt til þess að vera í störfum sem krefjast meiri reynslu og lengri starfsævi. Hækkun fasteignaverðs bitnar harðar á ungu fólki sem er að reyna að komast á eignarbraut. Stífari lánakröfur bitna á yngri fólki í leit að sinni fyrstu íbúð. Hröð hækkun fasteignaverðs gerir ungu fólki erfiðara fyrir að safna sér fyrir útborgun og bitnar því harðar á þeim hóp. Skatta-lækkunarir gagnast ungu fólki ekki með sama hætti og þeim eldri enda ungt fólk almennt með lægri tekjur og minni sparnað. Aðgerðir þar sem ungu fólki er ýtt út í að eyða lífeyris-sparnaði í fasteignakaup er mun kostnaðarsamari

„Í gögnum Hagstofu Íslands sést að vinnuvikan hefur lengst mest hjá þessum aldurshóp og raunar tekið stökk frá árinu 2011“

fyrir tvítuga einstaklinga en þá sem eru 35 ára enda verðmætasti sparnaðaraurinn sá sem greiddur er fyrst á ævinni. Svona má lengi telja.

Jafnvægi vinnu og einkalífs hefur versnað hjá aldurshópnum 16 - 25 ára að undanförunum. Í gögnum Hagstofu Íslands sést að vinnuvikan hefur lengst mest hjá þessum aldurshóp og raunar tekið stökk frá árinu 2011. Ungmenninn sem skráð voru í fullt starf árið 1990 unnu lengri vinnuviku en á árunum eftir 1990 fækkaði vinnustundum hratt. Vinnuvikan styttesti hratt til ársins 2003 þegar vinnutími þessa hóps hóf að lengjast aftur. Vinnuvika 25 til 55 ára styttesti hins vegar hratt en hefur frá 2009 staðið í stað fremur en að lengjast. Í þessu samhengi má benda á ummæli Aðalheiðar Steingrímsdóttur, varaformanns Kennarasambands Íslands, við Fréttatímann þar sem fjallað var um þá stefnumótun sem birtist í fjármálastefnu núverandi ríkisstjórnar. „Við hefðum til dæmis viljað sjá þarna ákveðnar aðgerðir til þess að brúa bilið milli fæðingarorlofs og leikskólagöngu. Lengingu á fæðingarorlofi þannig að það myndist ekki



Heimsmet í hækkun húsnæðisverðs

Húsnæðisverð hækkaði hvergi með sama hætti og á Íslandi árið 2016. Þetta kemur fram í húsnæðisskýrslu breska fjárfestingafélagsins Knight Frank. Sjóðurinn hefur frá árinu 2006 gefið út skýrslur um þróun fasteignaverðs í heiminum. Í fyrsta sinn árið 2016 hlýtur Ísland þann vafasama heiður að verma efsta sæti listans.

Húsnæðisverð á Íslandi hækkaði um 13.7% árið 2016. Húsnæðisverð í heiminum hækkaði að meðaltali um 6% árið 2016 en árið 2015 jókst það um 4,1%.

Skýrsluhöfundar reikna með að fasteignaverð hér á landi muni hækka frekar. Það er í samræmi við spár íslenskra banka.

Næst á eftir Íslandi situr Nýja-Sjáland en þar hækkaði húsnæðisverð um 12,7 prósent.

„Þess vegna reynir Radio 1 að flytja fréttir eins og t.d. um kosningar, ástandið í efnahagsmálum o.s.frv. með þeim hætti að unga fólkkið skilji þær og vilji hlusta“

Þetta erfiða tímabil hjá foreldrum með yngstu börnin vegna þess að þau komast ekki að hjá dagforeldrum eða á leikskóla. Svona atriði kæmu tvímælalaust ungum börnum og foreldrum til góða í samfélaginu.“ Og það hefði líka verið rík ástæða til þess í fjármálaáætluninni að byrja að stefna að því að gera leikskólann gjaldfrjálstan. „Við hefðum til dæmis líka viljað sjá áætlanir um útgáfu námsgagna fyrir öll skólastigin, námsstyrki til handa nemendum á framhaldsskólastigi til að draga úr óhóflegri vinnu margra nemenda með námi, og að framhaldsskólanir væru opnaðir fyrir 25 ára nemendum og eldri.“ Vinnuvika ungs fólks hefur ekki aðeins aukist ein og sér. Sú þróun á sér stað meðfram lengri skólagöngu.


Árið 2012 vann Sigurður Þorri Gunnarsson, nemandi við Hug- og félagsvísindasvið Háskóla Akureyrar, lokaverkefni um almannauþvarp og ungt fólk. Sigurður leitaðist við að skoða þjónustu RÚV við fólk á aldrinum 15 - 29 ára. Hann bendir á að árið 1983 hafi krafa um fjölmiðil fyrir unga fólkkið verið afar hávær og að Rás 2 hafi verið stofnuð í þeim tilgangi að

afhenda nýrri kynslóð eigin fjölmiðil. Nú eru 35 ár liðin og þrátt fyrir umræðu bólar ekkert á því að ný kynslóð eignist eigin fjölmiðil. Þvert á móti hefur hlustendahópur Rásar 1 og Rásar 2 elst og elst án þess að sambærileg þjónusta ríkisfjölmiðilsins til handa aldamótakynslóðinni og þeim sem fæddir eru í kringum aldamótin taki við. Þau rök heyrast gjarnan að úrvalið í fjölmiðlun fyrir ungt fólk í dag sé langt umfram það sem hún var árið 1983. Þau rök takast þó ekki á við þann aðstöðumun milli kynslóða sem er afleiða þess að yngri kynslóðir eigi sitt undir einkareknum miðlum sem verða eðli málsins samkvæmt að framleiða ódýrt skemmtiefni þar sem hlustendur er neytendur og söluvara fyrir auglýsendur. RÚV hefur þvert á móti það hlutverk að skemmta, fræða og greina. Markmið stofnunarinnar er lýðræðisleg sem og að ýta undir menningarlegan samhljóm.

Í ritgerðinni ræðir Sigurður við Ben Chapman, yfirmann dægurlagtónlistar hjá Radio 1, 2 og 6. Chapman lýsir því hvernig BBC starfar í þágu yngri hópa og setur sér stífar kröfur. Þrátt fyrir að Radio 1 spili vinsæla popptónlist og sé að mörgu leyti lík einkastöðvum þá sé dagskrárgerðin þar með öðru móti. Sigurður bendir á og hefur í einni ræðu eftir Chapman að Radio 1 reyni að vera „rödd unga fólksins í Bretlandi, vera menningarlegur leiðtogi þeirra“. Mikilvægt sé að framleiða efni sem fólk vill hlusta á en að áhersla sé lögð á upplýsingagildi um leið. „Þess vegna reynir Radio 1 að flytja fréttir eins og t.d. um kosningar, ástandið í efnahagsmálum o.s.frv. með þeim hætti að unga fólk skilji þær og vilji hlusta. Einnig reyna þeir að tala um mikilvæg málefni sem snerta unga fólk. Dæmi um það er umræðan um persónuvernd á Internetinu, en það er efni sem er mikið rætt og reynir þá Radio 1 að vera óháð rödd sem fræðir um hættur sem leynast þar. Annað dæmi eru umræður um eiturylf. Þá reynir Radio 1 að vera með fræðslu um eiturylf án þess að styggja hlustendur og fæla þá jafnvel frá.“

Í tengslum við ritgerðina gerði Sigurður spurningakönnun meðal ungs fólks. Vert er að taka fram að rannsóknin er hluti af lokaverkefni Sigurðar og afar vel unnin en varast skal að draga of víðtækar ályktanir út frá niðurstöðum. Hins vegar er verkefnið gagnlegur gluggi sem nýta má til að velta upp spurningum. Í könnuninni kemur fram að 98% svarenda segjast hlusta á útvarp með einhverjum hætti. Hér er átt við einstaklinga á aldrinum 15 - 29 ára. Á svörum þessa hóps kemur fram að 1% hlusti á Rás 1 en 8% á Rás 2. Langsamlega mesta hlustun er á FM957 eða 43%. Næst á eftir kemur Flass og X-ið. Vert er að staldra aftur við og nefna að tölurnar eru frá 2012. Sigurður bendir hins vegar á að stöðvarnar sem sérstaklega gefa sig út fyrir að þjóna ungu fólk eigi það sameiginlegt að spila nánast eingöngu tónlist en bjóði alls ekki eða í mjög takmörkuðu magni upp á sérþætti um pólitík eða samfélagsmál fyrir ungt fólk. Það er ástæða þess að vert er að íhuga niðurstöðurnar þrátt fyrir að þær séu komnar til ára sinna. Í skýrslu nefndar um starfsemi og rekstur RÚV frá árinu 2007 til ársins 2015 má greina svipaða þróun í áhorfi yngri hópa. Skýrslan sem unnin var af Eypóri Arnaldssyni fyrir Illuga Gunnarsson, mennta- og menningamálaráðherra, var gagnrýnd fyrir innihaldsleysi og slægleg vinnubrögð. Það ber því að taka niðurstöður hennar með fyrirvara en aftur má nota hana til að skilja ákveðna þróun.

Í þessu samhengi er vert að velta upp þeirri spurningu hvort langvarandi þróun í átt að minni stjórnmálaþátttöku ungs



„Landssamband æskulýðsfélaga hefur verulegar áhyggjur af samfélagsþátttöku ungs fólks á Íslandi, skorti á upplýsingum um þá þátttöku og andvaraleysi stjórnvalda í þeim málaflokki“

fólks geti að einhverju leyti tengst menningarlegri stöðu hópsins. Líkt og Chapman hjá BBC bendir á þá reynir Radio 1 að vera menningarlegur leiðtogi ungs fólks. Þjónusta hópin vel og fjalla um mikilvæg samfélagsmál á þeirra forsendum. Spyrja má hvaða stofnun eða fjölmiðill hefur tekið sér þá stöðu hér á landi og hversu vel hann þjónustar hópin í pólitísku samhengi Íslands. „Landssambands æskulýðsfélaga hefur verulegar áhyggjur af samfélagsþátttöku ungs fólks á Íslandi, skorti á upplýsingum um þá þátttöku og andvaraleysi stjórnvalda í þeim málaflokki“, segir í inngangsorðum skýrslu sambandsins um kjörsókn og samfélagsþátttöku fólks á aldrinum 18 til 29 ára.

Skýrslan sem byggir á gögnum úr Íslensku kosningarannsókninni sýnir svo ekki verður um villst að þátttaka hópsins í kosningum hefur fallið umtalsvert hraðar en annarra hópa og beinlínis hrynur á árunum 2003 til 2007 en tekur kipp upp á við eftir hrun en helst enn lág. Skýrslan sem kom út árið 2013 dregur fram þátttöku í öðru starfi og ávalt er niðurstaðan á sömu leið. Í verkefni Reykjavíkurborgar Betri hverfi skrapar þátttaka hópsins botninn. Í samantekt Landssamband æskulýðsfélaga um fjárútlát ríkisins til æskulýðsmála sem birt var í lok árs 2012 vegna fjárlaga 2013 kemur fram að um 180 milljónum verði úthlutað til æskulýðsmála. Hins vegar kemur fram að því sem næst allt féð fari til starfsemi með börnum fram að 18 ára aldri. Það skal þó tekið fram að framlög til æskulýðsmála eru aðeins brot af framlögum til þjónustu við ungt fólk og börn. Þá er mikilvægt að fram komi að framlög til málaflokksins hafa snarhækkað miðað við það sem þau voru um aldamótin.

Starfsmennt

Í skýjunum

... að skoða, skruna,
spjalla og safna
þekkingu ...

Vefurinn okkar
nýtist á margan hátt

- Þátttökulistar
- Viðurkenningarskjöl
- Lokaðir námshópar
- Námsgögn
- Fréttir, skilaboð og áminningar

- Samræmd umgjörð náms
- Auðveld og örugg skráning
- Örugg meðferð persónuupplýsinga
- Myndræn þjónustukönnun
- Einfalt ut anumhald fræðslustarfs

- Námsferill einstaklings
- Námskeiðssaga stofnunar
- Gátt stofnunar/starfshópa
- Snjall vefur
- Kennslumyndbönd

Dauðir hlutir dýrari en börnin

- Viðtal við Magnús Loftsson, forstöðumann Vinasels



Magnús Loftsson forstöðumaður Vinasels er 35 ára gamall og í sambúð. Hann er svo heppinn að eiga húsnaði en leigir það þó út og býr ásamt kærustunni í annarri leiguíbúð.

Magnús Loftsson hvetur fólk til að velta fyrir sér að við búum í samfélagi þar sem það er betur metið launalega að hugsa um dauða hluti en grunnskólabörn. Hann er heilt yfir ánægður í sínu starfi sem forstöðumaður Vinasels þótt álagið geti orðið afar mikið á verstu dögnum vegna manneklu.

Snjóboltaáhrif álags og veikinda

Magnús Loftsson er forstöðumaður frístundaheimilisins Vinasels og er í Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar. Hann byrjaði að vinna sem leiðbeinandi á frístundaheimili meðfram háskólanámi en hann útskrifaðist vorið 2012 með BA gráðu í félagsfræði og tók þá við sem forstöðumaður Vinasels. Það sem heillaði hann upphaflega við starfið eru þau tækifæri sem bjóðast til að gera fræðandi og skemmtilega hluti með krökkunum. Hann viðurkennir þó að vinnuálagið geti verið ansi mikið vegna þess hversu mörgum börnum hver starfsmaður frístundaheimilisins ber ábyrgð á, sér í lagi þegar veikindi koma upp í starfsmannahópnum og segir að enginn ákveði að starfa á þessum vettvangi til að verða ríkur.

Vinasel heyrir undir frístundamiðstöðina Miðberg sem er byggð á grunni Fellahellis en undir stjórn deildarstjóra barnastarfs Miðbergs eru rekin sex frístundaheimili. Vinasel er starfrækt fyrir börn í fyrsta og öðrum bekk í Selja-skóla.

Nú enn fleiri börn á hvern starfsmann

Magnús segir starfsaðstæðurnar vera þökkalegar en börnin sem koma í Vinasel eftir að hefðbundnu skólastarfi lýkur tilheyra fjölmennustu árgöngunum hingað til, 2009 og 2010. „Við höfum þurft að vera skapandi og gera ráðstafanir út af fjölgun barna. Við búum það vel að vera í eigin húsnaði sem er annað en segja má um mörg önnur

frístundaheimili. Við búum því betur en margur, en þrátt fyrir það höfum við þurft að fá lánað rými í skólanum fyrir frístundastarfið,” segir hann. Eins og staðan er nú er miðað við 13 börn í fyrsta bekk á hvern starfsmann og 16 börn í öðrum til fjórða bekk á hvern starfsmann. Þetta er allt of mikið að mati Magnúsar sem bendir á að ekki sé langt síðan þessu var breytt og börnum á hvern starfsmann fjölgað vegna hagræðingar, en fyrir breytinguna hafi verið miðað við tólf fyrstu bekkjar börn á hvern starfsmann og fjórtán börn úr öðrum bekk, sem þó hafi verið vel í lagt. „Við gætum gert miklu meira með krökkunum ef það væru færri börn á hvern starfsmann, við gætum farið í ferðir út fyrir frístundaheimilið og starfið í heild sinni yrði markvissara,” segir Magnús.

Snjóboltaáhrif álags og veikinda

Hann segir að vinnan sín snúist að mestu leyti um að skipuleggja það starf sem fer fram á frístundaheimilinu, stýra því hvað starfsfólkið gerir hverju sinni, taka þátt í hugmynda-vinnu, búa til þemaverkefni, starfsáætlanir og fleira. Auk þess fer hann til að mynda yfir mætingu starfsfólks, sér um innkaup og tryggir að fjármálin stemmi.

Mismunandi er hvernig fyrri hluti vinnudagsins gengur fyrir sig, hann þarf að sitja marga fundi sem þá skerðir þann tíma sem hann hefur til skipulagningar. „Eftir hádegi er dagurinn mjög annasamur og það er aðallega vegna þess að við höfum verið í starfsmannavandræðum í vetur. Ekki hefur tekist að ráða í allar stöður og síðan aukast veikindi starfsfólks álag á þá sem eru í vinnu. Það hefur alveg komið fyrir að okkur vantar um 30% starfsfólksins. Hér eru almennt tólf starfsmenn og þó það vanti þrjá til fjóra þá þurfum við að halda uppi sama öryggi og sömu gæðum í starfinu. Það munar líka um hvern starfsmann þegar gert er ráð fyrir að hver þeirra sjái um allt að sextán börn og það álag færist þá yfir á aðra. Þetta eru ákveðin snjóbolta áhrif, meira álag leiðir

„Frístundaleiðbeinendur eru með allt of lág laun miðað við hvað þeir eru að gera. Starfið sem hér er unnið verður aldrei betra en starfsfólkið. Mér finnst þetta mjög sérkennilegt því hér erum við að vinna með börnum og maður hlýtur að velta því fyrir sér hvort þetta sé samfélagið sem við viljum búa í.“

af sér meiri veikindi sem leiða af sér meira álag á þá sem svo aftur leiðir til meiri veikinda.“ Magnús bendir á að þar sem Miðberg rekur sex frístundamiðstöðvar þá væri mögulega hægt að ráða inn svokallaða „flakkara,“ starfsfólk sem flakkaði á milli frístundamiðstöðva eftir því hvar þörfin væri mest. Slík aðgerð kallaði auðvitað á aukð fjármagn. Hann segir að vissulega sé hvatning til heilsuræktar til staðar af hálfu borgarinnar og stéttarfélagsins og stendur starfsfólki til boða að fá styrki til kaupa á heilsuræktarkorti. Slíkt sé hins vegar ekki nóg til að stemma stigu við endurtekinni undirmönnun og því álagi sem fylgir.

Meistaránám myndi litlu skila í budduna

Magnús bendir á að þeir sem ákveði að vinna á frístundaheimili geri það vegna áhuga og ástríðu en ekki fyrir peningana. Hann segir sín laun „allt í lagi“ en segist telja að miðað við ábyrgð, manna- og peningaforráð þá sé hann ekki á góðum launum. „Bæði ég og þeir sem starfa hér sem leiðbeinendur værum með hærri laun á hinum almenna vinnu-markaði,“ segir hann. Magnús er 35 ára gamall, hann er í sambúð og á íbúð en er með hana í útleigu og leigir aðra íbúð sem hann býr í ásamt kærustunni sinni. „Við sleppum því betur en margir,“ segir hann og vísar til bæði ótryggs ástands á húsnæðismarkaðnum og svimandi hás leiguverðs. Hann segist aðspurður ekki sérstaklega hafa velt því fyrir sér að fara í meistaránám þar sem það myndi hvort eð er aðeins skila honum örlítilli launahækkun.

„Frístundaleiðbeinendur eru með allt of lág laun miðað við hvað þeir eru að gera. Starfið sem hér er unnið verður aldrei betra en starfsfólkið. Mér finnst þetta mjög sérkennilegt því hér erum við að vinna með börnum og maður hlýtur að velta því fyrir sér hvort þetta sé samfélagið sem við viljum búa í, þar sem vinna með dauða hluti er metin hærra en vinna með börnin okkar,“ segir hann og tekur fram að vegna lágra launa geti verið erfitt að halda í gott starfsfólk. „Starfsmannaveltan hefur verið óvenju mikil á þessu ári, verst í langan tíma. Að hluta til er það vegna þess að fólk fær betri laun annars staðar en líka er það vegna þess að leiðbeinendur eru bara í 50% starfi og slíku tilheyrir alltaf einhver hreyfing,“ segir Magnús. Af þeim sex frístundamiðstöðvum sem Miðberg rekur er tveimur stýrt af karlmönnum. Hann segir kynjahlutfall meðal leiðbeinenda yfirleitt hafa verið nokkuð jafnt þar sem hann hefur unnið og segir mikilvægt að bæði karlar og konur starfi á frístundaheimilum. „Það skiptir máli að stelpur og strákar hafi jákvæðar fyrirmyndir af báðum kynjum á frístundaheimilum,“ segir Magnús.



Páskabingó

Félagsmenn og fjölskyldur þeirra hittust á góðri stund í Félagamiðstöðinni Grettisgötu á síðastliðinn einn laugardag fyrir páska og skemmtu sér konunglega við bingóspil. Enginn fór tómhentur heim og mikil gleði var hjá bæði börnum og fullorðnum.

Vorgleði

Félagsmönnum í eftirlaunahópi St.Rv. er boðið til samsætis fimmtudaginn 4. maí að Grettisgötu 89, 1 hæð. Heitt kaffi verður á könnunni og boðið upp á rjómapönnukökur.

Vinsamlega skráið ykkur á heimasíðu félagsins eða á skrifstofu St.Rv. í síma 525 8330.

Sumarferð eftirlaunahóps St.Rv.

Árleg sumarferð eftirlaunahóps St.Rv. verður í Húsafell. Lagt verður af stað í rútu að morgni þriðjudaginn 27. júní og komið til baka að kveldi sama dags. Nánari upplýsingar um ferðina verða á heimasíðu félagsins. Áhugasamir fylgist með og skrái sig á heimasíðu eða á skrifstofu St.Rv. í síma 525 8330.

Fæstir í fullu starfi vegna álags

Viðtal við Ólöfu Huld Vöggsdóttur trúnaðarmann SFR

Gríðarlegt álag er á starfsfólki bráðamóttöku Landspítalans í Fossvogi en þar starfar Ólöf Huld Vöggsdóttir sem móttökuritari. Hún er enn fremur trúnaðarmaður SFR. Ólöf segir starfsfólk allra stétta á bráðamóttökunni hafa talað fyrir því að greitt sé fyrir 80% starf eins og 100% vinnu þar sem margir treysta sér ekki í fullt starf vegna álagsins. Hún segir móttökuna einnig illa hannaða og alls ekki með þarfir starfsfólks í huga. Ólöf er þó ánægð í vinnunni og segir gott samstarfsfólk þar gera gæfumuninn.

Ólöf Huld Vöggsdóttir er ritari á bráðamóttöku Landspítalans í Fossvogi. Þar hefur hún unnið í 16 ár. „Ég og vinkona mín fengum þá hugdettu að sækja þar um og fengum báðar starf,” segir hún. Ólöf er einstæð, móðir þriggja barna á aldrinum sex til tvítugs. Hún er sjálf fertug, er hálfnuð með nám til stúdentsprófs en hefur ekki haft tök á að klára það. Ólöf er mest á morgunvöktum sem eru frá klukkan átta á morgnana til fjögur síðdegis eða svokölluðum millivöktum frá klukkan tólf á hádegis til átta um kvöldið. Auk þess vinnur hún aðra hverja helgi og skiptir það miklu upp á heildartekjur enda 55% álag á helgarvaktir en 33,33% álag á vaktir virka daga eftir klukkan 17. „Hér vinna allir á vöktum enda opið allan sólarhringinn, allt árið um kring. Ég myndi alveg vilja taka fleiri kvöld- og næturvaktir en ég á erfitt með það því ég hef ekki alltaf þössun. Hér á minni deild er tekið fullt tillit til þess að ég get ekki unnið allar vaktir,” segir hún.

Fundur í lok erfiðustu vaktanna

Það er í raun ekkert sem heitir „hefðbundinn dagur” á bráðamóttökunni því enginn dagur er eins og starfsfólk veit aldrei hvað hver vakt ber í skauti sér. „Við tökum á móti öllum sem koma á bráðamóttökuna og skráum inn, tökum á móti aðstandendum, svörum í símann og skráum sjúkrahíla og lögreglubíla,” segir hún en um tuttugu manns starfa í móttökunni og eru tveir til þrír á vakt í einu. Fæstir eru þó í 100% starfi vegna þess hversu andlega erfitt starfið er og hefur Ólöf til að mynda verið í 70% starfi síðan hún kom síðast úr fæðingarorlofi. „Hér er gríðarlega mikið áreiti. Við tökum á móti fólki í alls konar ástandi auk þess sem aðstandendur eru í misgóðu jafnvægi. Hingað koma flestir þeir sem hafa lent í alvarlegum slysum, umferðarslysum, fólk sem er nærri drukkað, auk allra þeirra sem hingað leita vegna veikinda. Ef upp koma sérstaklega alvarleg atvik, eins og þegar barn deyr, þá eru haldnir sérstakir viðrunarfundir að lokinni vakt með öllum starfsmönnum deildarinnar sem voru á vakt þar sem fólk nær að tala um hlutina áður en það fer heim,” segir hún. Spurð hvort nógu mikið sé af fundum þar sem fólk nær að létta á hjarta sínu segir hún fólk ekki geta pantað sér tíma til slíks en á deildinni starfi fólk með margskonar menntun



Ólöf Huld Vöggsdóttir er ánægð í vinnunni þrátt fyrir mikið álag og vinnu-aðstöðu sem hún segir ekki hannaða með þarfir starfsfólksins í huga.

og reynslu þegar kemur að áföllum og yfirleitt hægt að grípa einhvern þegar fólk þarf virkilega að pústa. „Við getum alltaf talað við okkar yfirmenn eða deildarstjóra,” segir hún.

Vilja pústa við trúnaðarmanninn

Fyrir tæpum tveimur árum tók Ólöf við sem trúnaðarmaður ritara á bráðamóttökunni. Sú sem gegndi því hlutverki á undan henni var aðeins í 20% starfi og náði því lítið að hitta samstarfsfólkið. „Ég var bara spurð hvort ég myndi vilja vera trúnaðarmaður og ég ákvað að slá til. Þær sem vinna í móttökunni virtust vera ánægðar með það og ég get vel hugsað mér að sinna þessu áfram svo lengi sem samstarfsfólk mitt hefur áhuga fyrir því,” segir hún. Ólöf hefur farið á grunnnámskeið hjá SFR fyrir trúnaðarmenn en segir fleiri námskeið í boði – hún hafi hins vegar enn sem komið er ekki náð að sækja önnur námskeið vegna vinnuálags. Hún segir fátt hafa komið sér á óvart sem trúnaðarmanni nema þá kannski helst að fólk leitar lítið til hennar vegna kjaramála. „Oft vill fólk bara fá að tala, fá að pústa aðeins, þótt það sé ekki beint hlutverk trúnaðamanns,” segir hún.

Þrátt fyrir að fæstir móttökuritarar séu í fullu starfi segir Ólöf að þeir séu alls ekki í minnkuðu starfshlutfalli til að sinna hlutastarfi annars staðar. „Starfsfólk á bráðamóttökunni, úr öllum stéttum, hefur talað fyrir því að greitt sé fyrir 80% vinnu eins og 100% vinnu því þetta getur verið ákaflega sligandi vinna. Það má líka afskaplega lítið út af bera til að það sé

„Ég var bara spurð hvort ég myndi vilja vera trúnaðarmaður og ég ákvað að slá til.“

undirmannað og þá er virkilega erfitt að vera á vaktinni. Það kemur alveg fyrir,” segir hún.

Fá hvorki hádegishlé né kaffihlé

Nokkur ár eru síðan það var fest í samninga að móttökuritarar eiga hvorki rétt á matartíma né kaffitíma en Ólöf segir að það hafi í raun verið formfesting á hefð sem var til staðar. „Við náum yfirleitt að borða og fá okkur kaffi en ef það er brjáláð að gera þá verðum við bara að sleppa því. Við þurfum alltaf að vera til taks og á öllum stundum þarf að vera hægt að kalla til allt starfsfólk á vaktinni. Við borðum ekki í matsalnum heldur sækjum við matinn þangað og borðum hann á kaffistofunni á bráðamóttökunni. Starfsfólk hefur aldrei mátt fara af svæðinu og við förum aldrei út af deildinni nema rétt til að sækja mat eða kaffi,” segir hún og gerir engar athugasemdir við það enda sé starfið þess eðlis að fólk þurfi alltaf að vera í viðbragðsstöðu.

Hörmulegar aðstæður

Hvað aðstöðuna í móttökunni varðar fer Ólöf ekki fögrum orðum um hana. „Starfsaðstæður í móttökunni eru hörmulegar. Þetta er illa hönnuð og illa skipulögð móttaka. Sá sem hannaði þetta gerði það ekki með tilliti til starfseminnar. Að mínu mati þyrfti hreinlega að rífa þessa móttöku og byggja nýja,” segir hún. Móttakan er þó ekki gömul heldur var byggð ný móttaka í Fossvogi árið 2010 þegar bráðamóttakan við Hringbraut sameinaðist henni en markmiðið með sameiningunni var að auka skilvirkni í þjónustu og ná fram hagræðingu í launa- og rekstrarkostnaði. Rýmið sem ritararnir vinna í er lítið og ílangt þannig að þeir þurfa gjarnan að troðast til að komast leiðar sinnar. „Stólarnir hér eru í notkun allan sólarhringinn, alla daga ársins þannig að þeir eru fljótir að gefa sig og eru í slæmi ásigkomulagi. Við erum með há borð sem varla er hægt að sitja né standa almennilega við. Við vildum fá borð með hæðarstillingu því við erum misstórar en borðin eru í mjög óþægilegri hæð. Þær sem eru hávaxnar eiga mjög erfitt með að standa við borðin og þurfa annað hvort að beygja sig í hnjónum eða beygja bakið. Tölvurnar eru síðan þannig staðsettar að skjárin er alveg hálfum metra frá augunum. Við erum með þrjár tölvur, tvo prentara og það er gríðarlega þröngt. Starfsfólkið fær illt í axlir, bak og fótleggi, auk þess sem við þurfum að passa upp á að millihurð sé alltaf lokað til að það sé ekki gegnumtrekkur. Þetta eru ekki aðstæður sem venjulegt skrifstofufólk myndi sætta sig við,” segir hún.

Þegar kemur að launakjörum segist Ólöf alls ekki geta lifað af laununum einum og sér. „Þau mætti gjarnan vera hærri. En vegna þess að ég fæ húsaleigubætur, meðlag og barnabætur þá tekst mér að sjá fyrir fjölskyldunni,” segir Ólöf.

Þrátt fyrir allt sem hún hefur nefnt sem mætti betur fara þá er hún ánægð í vinnunni og hefði vart annars unnið þarna öll þessi ár. „Mér finnst rosalega gaman í vinnunni. Starfsfólkið er mjög skemmtilegt og starfsandinn virkilega góður. Ef mér byðist betur launuð vinna við betri aðstæður þá myndi ég eiginlega vilja taka samstarfsfólkið með mér. Samstarfsfólkið og starfsandinn er það sem heldur í marga hér enda skiptir máli að vera með góðu fólki.”

**Munum eftir 1. maí kaffinu
Í BSRB-húsinu við Grettisgötu 89
í Reykjavík eftir að útifundinum á
Ingólfstorgi lýkur.**





Kröfuganga verkamanna á Union Square í New York borg árið 1912

1. maí - Baráttudagur launafólks um allan heim

Þann 1. maí árið 1886 gengu 300 þúsund starfsmenn 13000 bandarískra fyrirtækja frá störfum og fylktu liði í nafni verkalyðs, sósíalisma og bættra kjara. Mánudum saman höfðu verkalyðsfélög í Bandaríkjunum, einkum í Chicago borg háð erfiða baráttu fyrir bættum kjörum og átta stunda vinnudag. Aðalkrafa mótmælanna þann 1. maí var krafan um átta stunda vinnudag. Krafa sem hafði verið að gerjast meðal verkalyðsfélaga um heim allan frá miðri 19. öld. Í Chicago, þar sem baráttan var afar hörð eftir langvarandi verkföll var gangan að auki upphaf nokkurra daga aðgerða til stuðnings starfsmönnum McCormick Harvesting Machine Company sem höfðu þá verið í verkfalli frá því í byrjun febrúar sama ár.

Það kann að koma spánskt fyrir sjónir að Bandaríkin spili svo stóra rullu í sögu 1. maí. Dagurinn er ekki frídagur í Bandaríkjunum og raunar þekkja fáir í landinu uppruna dagsins. Það á sér þó sögulegar og pólitískar skýringar. Dagurinn á sér sósíalískar og anarkískar rætur. Andúð auðvalds og yfirvalda á deginum varð til þess að í gegnum áratugina var háð einskonar menningarstríð gegn því að dagurinn festi rætur. Bandarísk yfirvöld gerðu þrjár tilraunir til að breyta deginum úr degi andófs og baráttu verkalyðs í fögnuð lög og reglu, amerísk stolts og tryggð. Þá varð kommúnistaandúðin og hræðslan við sósíalisma á tímum kaldastríðsins til þess að draga verulega úr þátttöku í deginum.

Þrátt fyrir það er talsvert um dýrðir og fögnuð hjá stéttar- og verkalyðsfélögum í landinu en lögformlegur frídagur verkalyðsins er fyrsti mánudagur í september. Það á sér langa

sögu í Bandaríkjunum að fagna verkalyðsbráttunni í byrjun september eða allt frá því í kringum 1894. Þá þegar vildu verkalyðsfélög í Bandaríkjunum að dagurinn yrði fyrsta maí en september varð fyrir valinu meðal annars vegna ríks vilja til að minna ekki um of á blóðuga sögu maí mótmælanna í Chicago og pólitískra réttarhalda sem á eftir fylgdu og vöktu heimsathygli og hnekslan.

Frakkar stungu upp á deginum

Árið 1889 hittust fulltrúar alþjóðasamtaka kommúnista á þingi evrópskra verkalyðsfélaga í París. Þar var samþykkt til-laga frá Frökkum um að 1. maí skyldi verða alþjóðlegur frídagur verkafólks og baráttudagur hreyfingarinnar. Valið á þessum degi styðst við rötgróna hefð í sunnanverðri Evrópu þar sem menn tóku sér oft frí þennan dag. Í heiðnum sið var hann táknrænn fyrir endalok vetrarins og upphaf sumarsins. Á Norðurlöndunum var 1. maí fyrsti dagur sumars. Frakkar lögðu til að verkafólk notaði daginn til fjöldafunda til að fylgja eftir kröfum um 8 stunda vinnudag og aðrar umbætur á kjörum sínum. Þingið kallaði eftir því að hátíðarhöldin um allan heim yrðu haldin í minningu verkamannanna sem létust í Chicago 4. maí árið 1886 þegar lögreglan hóf að skjóta inn í hóp mótmælenda. Mótmælin höfðu farið friðsamlega fram og var raunar farið að síga á seinni part þeirra þegar sprengju var kastað á hóp lögreglumanna sem svöruðu með því að skjóta á verkamennina. Enn þann dag í dag er ekki vitað hver kastaði sprengjunni.

Sýndarréttarhöld vöktu óhug um allan heim

Í kjölfarið voru átta anarkistar sóttir til saka fyrir morðin. Að-


eins þrír þeirra voru á staðnum þegar blóðbaðið átti sér stað. Réttarhöldin vöktu athygli og hneykslan um allan heim. Kvíð-dómurinn var handvalinn, dómurinn lýsti margsinnis yfir and-úð sinni á sakborningum og þrátt fyrir að ákæran væri fyrir morð lýstu yfirvöld og saksóknarar því ítrekað yfir að hér væri réttað yfir anarkisma. Réttarhöldin væru réttarhöld samfél-ags laga og reglu yfir hugmyndafræði stjórnleysis. Mennirnir átta voru allir fundnir sekir og sjö þeirra voru dæmdir til dauða. Í nóvember árið 1887 voru fjórir mannana hengdir en einn hafði framið sjálfsmorð daginn áður. Á meðan á réttarhöldunum stóð höfðu 100 þúsund skrifað undir áskorun til yfirvalda um að sýna mönnunum vægð. Réttarhöldin gengu svo nærri siðferðiskennd fólks um allan heim að rithöfundar og ljóskáld um allan heim fjölluðu um réttarhöldin. Þar á meðal Oscar Wilde og George Bernard Shaw. Árið 1893 voru þrír mannanna náðaðir af John Peter Altgeld, fylkisstjóra Illin-ois.

Rótgróinn frídagur í Evrópu

Uppruni dagsins á sér þó talsvert lengri sögu. Valið á þessum degi styðst við rótgróna hefð í sunnanverðri Evrópu þar sem menn tóku sér oft frí þennan dag. Í heiðnum sið var hann tákn-rænn fyrir endalok vetrarins og upphaf sumarsins. Á Norður-löndunum var 1. maí fyrsti dagur sumars. Frakkar lögðu til að verkafólk notaði daginn til fjöldafrunda til að fylgja eftir kröfum um 8 stunda vinnudag og aðrar umbætur á kjörum sínum. Þýskir verkamenn í Chicago voru öflugir í baráttu fyrir bættum kjörum og ráku meðal annars öflugt dagblað. Það er því ekki svo einfalt að 1. maí sé haldinn vegna mótmælaanna í Chicago heldur mótaði áfallið sögu dagsins og alþjóðlega baráttu verkalyðsins. Hörmulegar aðstæður verkafólks í Evrópu urðu til þess að mikill fjöldi þeirra leitaði til Bandaríkjanna í von um betra líf. Í Chicago var stórt samfélag þýskra, írskra og skandinavískra innflytjenda sem fluttu með sér evrópskar hefðir og þar á meðal 1. maí. Í Rómaveldi var 1. maí vetrar-lokahátíð og hátíð frjósemi og vaxtar.

Átta stunda vinnudagur

Í sögu ASÍ kemur fram að þingið í París árið 1889 á 100 ára afmæli frönsku byltingarinnar hafi verið ákveðið að gera kröfuna um átta stunda vinnu-dag að helstu kröfu verkafólks á alþjóðlegum baráttudegi, 1. maí. „Þegar árið eftir voru haldnar kröfugöngur 1. maí víða í Evrópu og Norður-Ameríku til þess að leggja áherslu á kröfuna um átta stunda vinnudag. Árið 1889 var einnig ákveðið á þingi Annars alþjóða-sambandsins að rauði fáninn skyldi verða tákn fyrir baráttu verkamanna og sameiningar-merki þeirra, en rauði fáninn hafði einmitt verið tákn byltingarsinna í febrúar-byltingunni í Frakklandi árið 1848 og síðar tákn Parísarkommúnunnar 1871. Á fyrri hluta þriðja áratugarins var farið að nota rauða fánann á fundum Al-þýðusambandsins og þá varð einnig til fáni og merki sambandsins, rauður fáni með þremur örvum sem



Myndlýsing úr tímaritinu *Harpers af Haymarket mótmælunum*. Teikningin inniheldur fjölda staðreyndavilla en er frægasta myndtúlkun á atvikum 4. maí 1886. Þeir August Spies, Louis Lingg, George Engel, Adolph Fischer, Michael Schwab, Samuel Fielden og Oscar Neebe voru allir ákærðir fyrir morð þrátt fyrir að fæstir þeirra hafi verið á staðnum.

voru tákn frelsis, jafnréttis og bræðralags.“ Á Íslandi var dagurinn haldinn hátíðlegur árið 1923. „Hátíðahöldin í Reykjavík voru skipulögð af nefnd á vegum fulltrúaráðs verkalyðs-félaganna. Formælendur þess munu m.a. hafa verið Ólafur Friðriksson og Hendrik Ottósson og voru þeir félagar skipaðir í undirbúningsnefnd auk Þuríðar Friðriksdóttur og fleiri fé-laga. Við ramman reip var að draga því að 1. maí 1923 var virkur dagur og fólk þurfti að taka sér frí úr vinnu ef það vildi taka þátt. Hendrik skrifaði brýningargrein í *Alþýðublaðið* og erindrekar fóru um til þess að safna saman fólki; tókst það „furðanlega ... þrátt fyrir hótanir og illyrði sumra verkstjóra. ... Nokkrir danskir og sænskir smiðir, sem unnu í Hamri neituðu afdráttarlaust að vinna 1. maí. Það væri ekki siður í löndum þeirra“. Einn „erindrekanna“ sem stóð í að fá fólk í gönguna var móðir Hendriks, Carolíne Siemsen, en hún fór um og skoraði á meðlimi verkakvinnafélagsins að hætta að vinna á hádegi og taka þátt í kröfugöngunni.“ Þess má geta að árið 1923 var 1. maí einnig fagnað í fyrsta sinn í Indlandi.

Einhverjir hugsa kannski um Sovét-ríkin sálugu og alræðisvald kommún-istastjórna þegar þeir sjá fánann og heyra sönginn, en upprunaleg merking þessara tákna er fyrst og fremst krafa um breytingar og réttlátara þjóðfélag. Rauði liturinn táknar uppreisn gegn órét-tæti. Hann þýðir að nú sé nóg komið og er um leið tákn nýrra tíma. Barátta verka- og launafólks og tákinn sem hreyfingin notar á sér langa sögu og í gegnum alla þá sögu hafa yfirvöld, stjórnmalahreyfingar og fjármagn gert tilraunir til að tala baráttuna niður eða baða sig merkjum hennar.

Í um hundrað löndum er 1. maí hátíðisdagur verkalyðsins og opinber frídagur. Þá er honum víðast hvar fagnað af stéttarfélögum. Eftir valdatöku Donald Trump, forseta Bandaríkjanna, hefur áhugi á 1. maí verið endurvakinn í Bandaríkjunum. Andófshreyfing kvenna, anarskista, minnihlutahópa og innflytjenda hefur orðið til þess að kallað er eftir því að launafólk sameinist og gangi sameinað gegn valdhyggju.



Boð til kröfugöngu 4. maí 1886.

1. MAÍ

Árið 1923 var fyrst gengin kröfuganga á 1. maí á Íslandi. Dagurinn varð lögskipaður frídagur á Íslandi árið 1966 á fimmtíu ára afmæli ASÍ. Reyndar féll dagurinn það ár á sunnudag. Dagurinn hafði þá í raun verið frídagur um nokkurt skeið. Þann 1. maí er hefð fyrir því að launafólk gangi undir rauðum fána og leikinn er alþjóðasöngur verkalyðsins, Internasjónalinn, sem einnig kallast Nallinn.

Upprunaleg merking þessara tákna er fyrst og fremst krafa um breytingar og réttlátara þjóðfélag. Rauði liturinn táknar uppreisn gegn óréttlæti. Hann þýðir að nú sé nóg komið og er um leið tákn nýrra tíma.

Saga 1. maí um allan heim er nátengd baráttunni fyrir styttingu vinnutímans. Hér á Íslandi sækir dagurinn upprunna sinn einnig í það baráttumál. Árið 1921 voru vökulögin, sem tryggðu íslenskum sjómönnum sex tíma hvíld á sólhring, eru eitt fyrsta dæmið hér á landi um réttindi sem áunnist hafa vegna verkalyðsbaráttu. „Hér skal orðtakið það: Fylgjumst einhuga að!“ segir í auglýsingu á Kröfugöngunefndar á forsiðu Alþýðublaðsins 1. maí árið 1923.

Fjallað var um hátíðarhöldin í blaðinu daginn eftir 2. maí 1923 og þeim lýst sem vinnandi fólki til sóma. „Kröfugangan í gær varð alþýðunni til sóma og heppnaðist fullkomlega eins vel og menn höfðu gert sér vonir um, þar sem þetta var í fyrsta skiftið, sem slíkt fer fram hér.“ Þá segir blaðið að hvarvetna í fylkingunni hafi mátt sjá fána jafnaðarmanna borna. Meðal þeirra krafa sem göngumenn báru í Reykjavík var krafan um átta tíma vinnudag og átta tíma hvíld og slagorðið fátækt er enginn glæpur og vinnan ein skapar auðinn.

Þótt gengið væri til að undirstrika kröfur launafólks ár hvert eftir 1923 leið umtalsverður tími þar til 1. maí var lögfestur sem frídagur hér á landi.

Þrátt fyrir að baráttu launafólks fyrir bættum kjörum og auknum lífsgæðum sé hvergi nærri lokið er mikilvægt að fagna þeim mikla árangri sem náðst hefur á rúmlega aldalangri formlegri baraáttu launafólks hér á landi. Á fyrrihluta síðustu aldar var 10 - 14 tíma vinnudagur algengur sex daga vikunnar. Laugardagur var fram á öldina fullur vinnudagur og helgarfrí líkt og nú er eðlileg krafa allra aðeins fjarrænn draumur. Vinnutími var ekki aðeins óralangur heldur var starfsöryggi því sem næst ekkert í lok 19. aldar og upphafi þeirrar tuttugustu. Kaup var lágt og fjöldi fólks fékk aðeins greitt í vöruúttektum, með skuldajöfnun og í gjaldeyri sem kaupmenn og vinnuveitendur gáfu út sjálfir og voru aðeins gjaldgengir í eigin verslunum.

Stéttarfélagsbaráttan - stiklað á stóru

1915 Opinberum starfsmönnum var með lagasetningu gert óheimilt að fara í verkfall

1916 Alþýðusamband Íslands er stofnað

1921 Vökulögin voru sett en þau tryggðu íslenskum sjómönnum sex tíma hvíld á sólhring. Vökulögin er eitt fyrsta dæmið um réttindi sem áunnist hafa vegna verkalyðsbaráttu

1923 Fyrsta kröfugangan 1. maí á Íslandi var gengin.

1926 Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar var stofnað 17. janúar 1926 og voru stofnfélagar 68

1936 Fyrstu lögin um almannatryggingar sett og fóru í gegnum mikla endurskoðun árið 1946

1939 Starfsmannafélag ríkisstofnana var stofnað 17. nóvember 1939 og voru félagsmenn 142

1942 BSRB var stofnað.

1943 Lög um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins voru sett. Vinnandi fólk fékk rétt til orlofs

1945 Launalög voru tekin í gildi fyrir tilstilli BSRB.

1954 Lög um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna voru sett. Þar var m.a. kveðið á um fæðingarorlof og veikinda- og orlofsrétt

1962 Samningsréttur opinberra starfsmanna (takmarkaður).

1967 Fyrsta trúnaðarmannanámsskeið BSRB var haldið.

1969 Uppbygging orlofskerfis BSRB hófst.

1971 Framkvæmdir við uppbyggingu orlofsheimilavæðis í Munaðarnesi hófust og fyrstu orlofshúsin voru tekin í notkun sama ár.

1972 Lög um 40 stunda vinnuviku samþykkt á Alþingi.

1973 Lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

1976 BSRB fékk verkfallsrétt um gerð aðalkjarasamnings.

1976 Lög um jafnrétti karla og kvenna.

1978 BSRB húsið var byggt og tekið í notkun.

1979 Vinnudeilusjóður BSRB var stofnaður í því skyni að styrkja stöðu aðildarfélaganna í verkföllum.

1987 Aðildarfélögin fengu samnings- og verkfallsréttinn í sínar hendur.

1984 Verkfall opinberra starfsmanna.

2000 Ný lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla voru sett.

2003 Feður fengu sjálfstæðan rétt til fæðingarorlofs.

2004 Starfsmannafélag ríkisstofnana verður SFR – stéttarfélag í almannabjónustu.

2007 Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélag Akraness sameinast undir nafni St.Rv.

2013 Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar og Starfsmanna- félag Seltjarnarness sameinast undir nafni St.Rv.

2016 Bjarg íbúðarfélag að danskri fyrirmynd stofnað af BSRB og ASÍ á grunni nýrra laga um almennar íbúðir. Félagið undirbýr nú byggingu þúsund nýrra íbúða.



Stéttarfélög í alþjóðastarfi

Jafnrétti á alheimsvísu

Árlegur fundur kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna (Commission on the Status of Women) fór fram dagana 13. – 24. mars 2017 í höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna í New York. Gestir fundarins voru fulltrúar í sendinefnd hinna 193 aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna ásamt fulltrúum fjölmargra sjálfboðaliðasamtaka (NGO' s).

Meginþema fundarins var efnahagsleg valdefling kvenna í breytilegum heimi vinnumarkaðar (Women's economic empowerment in the changing world of work). Óvenju margir Íslendingar tóku þátt í fundinum í ár en þar á meðal voru fulltrúar BSRB og SFR, Sonja Ýr Þorbergsdóttir lögfræðingur BSRB og Sólveig Jónasdóttir upplýsingafulltrúi SFR en þær sóttu fundi nefndarinnar fyrri vikuna. Þá voru þar einnig fulltrúar ASÍ, BHM, RSÍ, Jafnréttisstofu, Kvenréttindafélags Íslands, Landsnefndar UN Women á Íslandi, Kvenfélagasambands Íslands, Jafnréttisháskóla Sameinuðu þjóðanna, Soroptimistasambands Íslands, þrír þingmenn, félags- og jafnréttismálaráðherra og aðstoðarmenn hans og loks starfsfólk velferðarráðuneytis og utanríkisráðuneytis.

Fulltrúar samtaka launafólks á Íslandi hafa ekki tekið þátt síðan þema fundarins var síðast vinnumarkaðstengt en fulltrúar systrasamtaka á hinum Norðurlöndunum taka þátt árlega. Þátttakendur voru yfir 8000 en þar af voru 150 þeirra fulltrúar stéttarfélaganna frá alls 44 stéttarfélögum víðsvegar að úr heiminum. Fulltrúar stéttarfélaganna notuðu tímann vel til þess að samstillast strengi og meðal annars var haldinn sameiginlegur fundur allra fulltrúa stéttarfélaganna bæði á almennum og opinberum vinnumarkaði deginum áður en hinir formlegu fundir hófust. Þar var því meðal annars fagnað að kvennanefndin skyldi nú taka fyrir málefni kvenna á vinnumarkaði en ILO og PSI hafa meðal annarra reynt að hafa áhrif á þemaval fundanna. Brýnt þykir að málefni eins og launa-

munur, áreitni, kynbundið ofbeldi og starfsöryggi séu rædd á vegum Sameinuðu þjóðanna. Á fundinum kom fram að oftar en ekki skynja fulltrúar stéttarfélaganna ákveðna tregðu hjá fulltrúum Sameinuðu þjóðanna til að skilja tungumál þeirra. Fulltrúar stéttarfélaganna á fundinum voru hvattir til þess að taka virkan þátt í umræðum og setja sitt mark á fundinn. Þá voru einnig tíðir samþættingarfundir sjálfboðaliðasamtaka ásamt því að stéttarfélög á heimsvísu annars vegar og á Norðurlöndum hins vegar áttu í skoðanaskiptum og samráði um áherslur og afstöðu til bæði samtals við fulltrúa Sameinuðu þjóðanna, ríkisstjórna sem og varðandi lokaniðurstöður.

Á þeim tveimur vikum sem fundur kvennanefndarinnar stendur yfir eru fjölmargir fundir í boði og er dagskráin í raun þrjúþætt. Fyrst er að nefna formlega fundi Kvennanefndarinnar, síðan ýmiss konar hliðarviðburði sem ýmist eru skipulagðir af ríkisstjórnnum aðildarríkjanna eða mismunandi samtökum og að lokum eru fjölbreyttir fundir sjálfboðaliðasamtaka. Viðburðirnir voru fjölbreyttir, fyrirlestrar, umræður, ræður, myndbönd og allt þar á milli um launamun, kynbundið ofbeldi, mansal, aðgengi að heilbrigðisþjónustu, ólaunuð störf s.s. ábyrgð á heimili og börnum og konur í launuðum heimilisstörfum á alþjóðavísu.

Þrátt fyrir mikinn samhljóm og sterk skilaboð var umfjöllunin samt stundum tvílag. Annars vegar voru ræður pólitískra fulltrúa og hins vegar rödd kvenna í hinum fjölmörgu félagsamtökum, reiðra kvenna sem höfðu fulla ástæðu til að vera það. Einn daginn var til dæmis gengið út af fundi eftir að hafa hlustað m.a. á pólitískan fulltrúa Suður-Afríku fjalla um batnandi lagaumhverfi þar í landi svo við urðum bara nokkuð vongóðar um batnandi hag fyrir hönd suður afrískra systra. Því miður komumst við fljótt niður á jörðina eftir stutt samtal yfir kaffibolla við konu þaðan. „Vissir þú að konum í Suður-

Afríku er nauðgað á 36 sekúnda fresti“ spurði hún titrandi af reiði, og bætti við „og það er bara samkvæmt lögregluskýrslum!“

Ísland best í heimi?

Ísland stóð fyrir nokkrum hliðarviðburðum í samstarfi við aðra auk þess að taka þátt í viðburðum hjá öðrum undir formerkjunum „best practice“ enda ljóst að Ísland er eitt af þeim löndum sem eru framarlega í jafnréttismálum. Meðal þess sem Ísland kynnti á alþjóðavettvangi var jafnréttisstaðallinn sem Þorsteinn Víglundsson félags- og jafnréttismálaráðherra sagðist binda miklar vonir um að yrði lögleiddur nú á vörpingi. Í máli Þorsteins kom meðal annars fram að jafnréttismál væru efst á forgangslista nýrrar ríkisstjórnar og lögleiðing jafnréttisstaðalsins væru fyrstu stóru skrefin. Hann sagði að kynbundinn launamunur væri ekki tölfraðilegur vandi heldur vandi sem þyrfti að taka á í hverju fyrirtæki og stofnun fyrir sig og jafnréttisstaðallinn væri mikilvægt tæki til þess.

Til umræðu kom einnig Druslugangan, Kvinnalistinn, kynjakvótar, Kvinnafrið og Barbershop, svo eitthvað sé nefnt, en verkefnið Barbershop hefur vakið nokkra athygli utanlands en er kannski minna þekkt hér á landi. Um er að ræða verkefni sem snýr að því að gera karla virka í baráttunni fyrir jafnrétti og var verkfærakista Barbershop átaksins meðal annars kynnt á sérstökum hliðarviðburði. Barbershop fellur undir HeForShe áttak UN Women en Ísland hefur skuldbundið sig til að leggja sitt af mörkum sem eitt af IMPACT ríkjum HeForShe. Kynjakvótar voru einnig áberandi í umræðunni og voru þar ýmsar skoðanir á lofti. Hér á landi voru sett lög um kynjakvóta 2013 og varð það til þess að konum í stjórnnum fyrirtækja og stofnana fjölgaði hratt, eða úr 10% í 38%. Því er óhætt að segja að hér á landi hafa kvótarnir virkað til jöfnunar.

Það var áhugavert að sitja þessa íslensku viðburði sem fulltrúar stéttarfélaga þar sem sýn okkar á málin er oftast en ekki önnur en ráðamanna. Við fögnum að sjálfsögðu áherslu ráðherra á jafnréttismálin og vonum að jafnlaunastaðallinn verði til þess að kynbundinn launamunur hverfi. Jafnlaunastaðallinn mun hins vegar einungis vinna á launamun innan fyrirtækja og stofnana og þar sem ríkið hefur hingað til ekki litið á sig sem einn vinnuveitanda mun hann ekki hafa áhrif á launamun milli stofnana. Þá er launamunurinn sem rekja má til kynskipts vinnumarkaðar enn óleystur ásamt fjölmörgum öðrum ástæðum sem valda launamun kynjanna. Jafnlaunastaðallinn er mikilvægt skref en það er einnig mikilvægt að taka fleiri og hraðari skref í rétta átt.

Sterkar konur – sterkur málstaður

Einn af stóru viðburðunum sem Ísland tók þátt í var fundur svokallaðra „meistarapjóða“ í jafnréttismálum. Þar voru meðal annarra Sviss, Suður- Afríka og Ísland. Fundurinn hófst á stuttri mynd um hið íslenska Kvinnafrið 1975 og varla var þurr hvarmur í sal allsherjarþingsins að þeirri sýningu lokinni enda skilaboðin sterk og eldmóðurinn mikill. Síðan var hlýtt á hvatningaræðu Kamillu Lopez sem var þar kynni og er m.a. þekkt fyrir heimildamynd sína Equal means equal frá árinu 2016 þar sem hún fjallar um stöðu bandarískra kvenna. Þá komu fram fulltrúar fjölda landa og áherslurnar voru margs konar þótt baráttan væri sú sama. Ástralir lýstu yfir áhyggjum af ellilífeyrismálum kvenna, Panama ræddi um langan vinnudag og fulltrúi ILO sagði fyrirvinnuhlutverkið úrelt og mikilvægt væri að breyta viðhorfum og staðalmyndum. Þá lýstu þrjár ólíkar baráttukonur, þær Anannya Bhattacharjee, formaður stéttarfélags



kvenna í fata- og vefnaðariðnaði á Indlandi, Patricia Arquette leikkona og Abby Wambach fyrrverandi heimsmeistari í fótbolta afstöðu sinni og því sem þær persónulega legðu áherslu á í sinni baráttu. Anannya talaði um hversu mikilvægt það væri fyrir konur í fataiðnaðinum á Indlandi að fá viðurkenningu á störfum sínum. Stærsti hluti fatnaðar fyrir vestrænan markað væri nú framleiddur í Asíu og alþjóðafyrirtækin græddu meðan réttindi kvenna væru fótum troðin. Hún hvatti konur til þess að berjast við hlið þeirra. Abby er fyrrverandi fótboltastjarna með fleiri verðlaun en Ronaldo en nú, 36 ára þegar hún er hætt í boltanum, stendur hún uppi án tekna og án baktrygginga. Mis- munurinn á launum íþróttakvenna og karla er sláandi og hún vill berjast fyrir komandi kynslóðir íþróttakvenna. Það var ekki laust við að undirritaðar myndu vilja sjá eitthvað af þessum kjarnakonum hér á landi, það væri til dæmis frábært framlag til jafnréttisumræðu innan íþróttahreyfingarinnar að fá Abby Wambach hingað til að fjalla um sína persónulegu reynslu og upplifun af misréttinu.

Alþjóðleg stefnumótun í jafnréttismálum

Að lokum langar okkur að segja frá nýrri og afar forvitnilegri alþjóðlegri könnun um stöðu kvenna á vinnumarkaði. Um er að ræða fyrstu könnun sinnar tegundar um alþjóðlega sýn og hug kvenna og karla varðandi vinnu kvenna.

Könnunin tók til 149.000 fullorðinna einstaklinga í 142 löndum. Helstu niðurstöður eru þær að flestar konur vilja vinna launuð störf (einnig þær sem ekki eru á vinnumarkaði) og langflestir karlar eru sammála í nánast öllum löndum: 70% kvenna og 66% karla í heiminum myndu kjósa að konur ynnu launuð störf. Tvær helstu megináskoranirnar eru samþætting fjölskyldu- og atvinnulífs og skortur á umönnunarúrræðum á viðráðanlegu verði fyrir börn og aðra ættingja. Kynbundinn launamunur, óréttlát meðferð/mismunur/misnotkun/áreitni voru einnig atriði sem töldust til helstu áskorana.

Niðurstöður könnunarinnar styrkja röksemdir fyrir alþjóðlega stefnumótun þar sem úrræði á borð við umönnun barna og samþættingu fjölskyldu- og atvinnulífs eru í forgrunni ásamt mikilvægi þess að fjallað sé um launamun kynjanna. Skýrsluna má finna á slóðinni: <http://goo.gl/TzVA6k>



„Einn af stóru viðburðunum sem Ísland tók þátt í var fundur svokallaðra „meistarapjóða“ í jafnréttismálum. Þar voru meðal annarra Sviss, Suður- Afríka og Ísland. Fundurinn hófst á stuttri mynd um hið íslenska Kvennafri 1975 og varla var þurr hvarmur í sal allsherjarþingsins að þeirri sýningu lokinni enda skilaboðin sterk og eldmóðurinn mikill.“

Raddir utan úr heimi

Á stórum alþjóðlegum fundi eins og þessum er fjölmargt fróðlegt rætt sem ómögulegt er að gera grein fyrir í stuttri grein. Þó langar okkur að lofa lesendum að „heyra“ örlítið sýnishorn af þeim ólíku röddum sem ómuðu um byggingar Sameinuðu þjóðanna þessa lærdómsríku viku.

Indland



Sex milljónir kvenna vinna í fata- og vefnaðariðnaðinum í Asíu. Þær framleiða stærstan hluta þess fatnaðar sem vestrænar konur og karlar klæðast. Þær fá ekkert fæðingarorlof, hafa ekki aðgang að barnagæslu, fá enga veikindadaga, starfa í óöruggu umhverfi, þurfa að þola mikið kynferðislegt áreiti, fá lægri laun en karlarnir, þurfa oft en ekki að ferðast langt til vinnu og hafa því ekki stuðning nærfjölskyldunnar nálægt sér. Heimilisofbeldi er algengt og þær hafa engin áhrif á hvernig heimilistekjunum er eytt.

Bandaríkin



Tólf milljónir kvenna og karla starfa í veitingageiranum í Bandaríkjunum. Í aðeins örfáum ríkjum hefur tekist að semja um fóst launakjör en í flestum þeirra eru launin byggð upp á afar lágu tímavinnutaxta (2,3 dollarar) og þjófí. Afstaða atvinnurekenda er almennt sú að viðskiptavinurinn hafi rétt fyrir sér og jafnframt þarf starfsfólkið að treysta á þjófí til að framfleyta sér og sínum. Það þýðir að starfsfólkið þarf að þola kynferðislegt áreiti og úrræðin til að stöðva það eða stuðningurinn er almennt lítil sem enginn en rannsóknir víða um heim sýna einmitt fram á að kynferðislegt áreiti og kynbundið ofbeldi á vinnustöðum er hvað mest í veitingahúsageiranum. Konur og karlar í þessum geira eru gjarnan ungt fólk og oft en ekki er þetta þeirra fyrsta vinna. „Láttu þér lynda að vera þukluð og klipin“ eru það skilaboðin sem við viljum að börnin okkar fái á þeirra fyrsta vinnustað?

Perú



Fulltrúar Perú kynntu átak sem fólst í því að kenna lágtekjukonum forritun. Verkefnið hófst í Lima en þar hafa 400 nemendur tekið þátt og 85% þeirra hafa fengið vel borguð störf í kjölfarið. Ástæða þess að forritun var valin var sú að það hafði sýnt sig að brýn þörf og mun meiri eftirspurn var eftir þeirri þekkingu en annarri á vinnumarkaði. Þeir sem stóðu að verkefninu höfðu þrjú markmið frá upphafi. Í fyrsta lagi að vera best í þessum verkefnum og láta önnur samtök um annað. Í öðru lagi hjálpaði það þeim að velja starf þar sem veruleg vöntun var á starfsfólki. Atvinnurekendur gátu ekki sett það fyrir sig að um konur væri að ræða, þeir þurftu bara að ráða inn fólk. Í þriðja lagi réði það úrslitum um verkefnið að fá fjárstuðning til að geta framkvæmt það.

Líbanon



Á hverju ári eru um 4-6 þúsund konur frá Austur-Evrópu fluttar inn til Líbanon á svokallaðri listamannaáritun sem dansarar og þeim síðan dreift í strippklúbba víða í Líbanon. Konurnar eru einangraðar og í raun haldið föngnum - nema til að dansa á klúbbum og sinna vændi.

Hong Kong



Filippseyjar



Um 67 milljónir manna (80% konur, flestar frá Asíu) vinna sem „domestic workers,“ þ.e. heimilishjú um allan heim. Konur, sem eru meirihluti þeirra sem stunda þetta starf, þurfa oft að fara langt í burtu frá heimilum sínum til þess að geta séð fyrir börnum sínum sem alast þar af leiðandi upp án þess að þekkja mæður sínar. Þær þola áreiti, ofbeldi og fordóma, jafnt inni á heimilunum sem þær vinna á, þ.e. vinnustöðunum sínum, en einnig í almenningsrýmum í borgunum. Þeim hefur meðal annars verið meinaður aðgangur að almenningsklósettum og veitingastöðum. Lagaramminn og réttindaramminn utan um þeirra vinnu er enginn. Þær stýrast af vilja húsbænda og ótta gagnvart þeim.

Aðalfundur SFR



Aðalfundur SFR var haldinn 23. mars og var fjölmennur að venju. Dagskráin var með hefðbundnu sniði og byrjaði Árni Stefán Jónsson á því að flytja skýrslu stjórnar og rakti þar helstu baráttumál og viðburði ársins 2016. Í máli hans kom meðal annars fram að Saga SFR hefur verið gefin út og mun útgáfunni fagnað á næstkomandi trúnaðarmannafundi. Þórarinn Eyfjörð gerði grein fyrir reikningum félagsins. Að því loknu voru bæði skýrsla og reikningar samþykkt samhljóða.

Lagðar voru fram lagabreytingar sem meðal annars gerðu ráð fyrir því að fjölgað yrði í Félagsráði úr 15 í 20 manns og orðalagi að aðild að félaginu breytt á þann veg að rétt til aðildar eiga nú einnig stéttarfélög sem gera kjarasamning á grundvelli laga um stéttarfélög og vinnudeilur. Þessi breyting var gerð vegna inngöngu Starfsmannafélags Ríkisútvarpsins í SFR. Auk þess voru samþykktar breytingar á reglum Orlofssjóðs og hlutverk hans útvíkað aðeins til þess að auka möguleika á því að bjóða félagsmönnum aðra orlofsmöguleika en orlofshús.

Þá var á fundinum einnig kosið í stjórnir Orlofssjóðs, Starfsmenntunarsjóðs, Styrktar- og sjúkrasjóðs, Vinnudeilusjóðs, skoðunarmenn reikninga og Kjörstjórn. Ákveðið var að iðgjald og að skipting milli sjóða væri óbreytt.

Að lokum staðfesti aðalfundurinn inngöngu Starfsmannafélags Ríkisútvarpsins í SFR en inngangan var heimiluð í stjórn félagsins í júní síðastliðinn.

Ályktanir aðalfundar SFR - Stéttarfélags í almannapjónustu

Kjaramál

Á undanförunum árum hafa aðilar vinnumarkaðarins unnið að auknum stöðugleika á vinnumarkaði og bættum vinnubrögðum í kjarasamningsgerð. Samkomulag aðila vinnumarkaðarins, hið svokallaða rammisamkomulag sem gert var við kjarasamningsgerðina 2015, grundvallast á norræna samningalíkaninu sem hvílir á sameiginlegum skilningi og trausti milli aðila vinnumarkaðarins og er því hornsteinninn í þessu ferli. Rammisamkomulagið var tilraun til að samræma launabróun launafólks á vinnumarkaði með það í huga að ná fram og viðhalda efnahagslegum stöðugleika.

Í framtíðarlíkaninu aðila vinnumarkaðarins sem gengið hefur undir nafninu SALEK hefur rík áhersla verið lögð á að samfara efnahagslegum stöðugleika verði ríkisvaldið og sveitarfélög að koma að því og tryggja félagslegan stöðugleika. Viljinn til að standa saman um að tryggja öllu launafólki aukna velferð, sanngjarna tekjuskiptingu og réttlátan hlut í sameiginlegum sjóðum er mismikill. Ekki hefur tekist að sameina alla aðila að því markmiði. Því ber að leggja áherslu á að grunnstoðir almannaþjónustunnar; heilbrigðis-, mennta- og velferðarkerfið eru hluti af þessari sátt í norræna líkaninu og eiga því að styðja við ákvarðanir á vinnumarkaði. Þar vantar vilja, skilning og traust stjórnvalda.

Umræðan um SALEK hefur nú legið niðri í nokkurn tíma og óvíst hvort henni verði haldið áfram. Til að svo megi verða þurfa fleiri aðilar að koma að þeirri umræðu. Stjórnvöld verða að leggja sitt að mörkum. Að taka upp nýtt samningsmódel á íslenskum vinnumarkaði er svo stórt mál að áður en það er mögulegt, þá verður að fara fram ítarleg umræða í þjóðfélaginu. Á hvaða grunni samningslíkanið skuli hvíla og hvernig eigi að þroska það og þróa. Nýtt kjarasamningslíkan verður ekki tekið upp nema um það ríki víðtæk sátt í þjóðfélaginu.

Lífeyrismál

Aðalfundur SFR skorar á fjármálaráðherra að koma í gegn breytingum á lögum um lífeyrismál opinberra starfsmanna þannig að þau verði í samræmi við samkomulag sem bandalög opinberra starfsmanna gerðu við ríki og sveitarfélög á síðasta ári. Samþykki fulltrúa bandalaga opinberra starfsmanna var byggt á trausti milli aðila sem nú er rofið. Afstaða opinberra starfsmanna byggði á þeim grunni að áunnin réttindi sjóðfélaga yrðu jafn verðmæt fyrir og eftir breytingarnar og lá það alltaf ljóst fyrir. Þrátt fyrir afar skýrt orðalag samkomulagsins kaus Alþingi að standa ekki við þau fyrirheit og rjúfa það traust sem bandalög opinberra starfsmanna sýndu stjórnvöldum þegar fulltrúar þeirra undirrituðu samkomulagið þann 19. september síðastliðinn. Aðalfundur SFR fer því fram á að þetta verði leiðrétt og að staðið verði að fullu við samkomulagið frá 19. september á síðasta ári enda grundvöllur áframhaldandi samstarfs um þessi mikilvægu mál.

Aðalfundur SFR

Umhverfismál

Sjálfbær nýting auðlinda okkar er undirstaða alls lífs í landinu. Opinberir aðilar verða því að sýna frumkvæði og ábyrgð með því að starfa í anda sjálfbærrar þróunar og vistvænnar hugsunar. Við berum öll ábyrgð á umgengni við náttúruna og því er mikilvægt að atvinnulífið þróist inn á umhverfisvænni brautir. Þannig stuðlum við að efnahagslegri, félagslegri og vistfræðilegri velferð og tryggjum að ekki sé gengið á arð komandi kynslóða.

Aðalfundur SFR leggur þunga áherslu á mikilvægi þess að Ísland axli ábyrgð á losun gróðurhúsalofttegunda og hvetur til aukinnar notkunar á innlendum vistvænum orkugjöfum og hraðari útskipta á hefðbundnu eldsneyti. Einnig leggur fundurinn ríka áherslu á að ekki verði bætt við nýjum orkufrekum og mengandi iðnaði.

Efla þarf almenningssamgöngur og uppbyggingu innviða samgöngukerfis í þágu hjólandi og gangandi. Gera þarf aðra valkosti en einkabílinn aðgengilegri almenningi og draga þannig úr notkun einkabíla. Mikilvægt er að atvinnurekendur hvetji starfsfólk til að nota vistvæna samgöngumáta í og úr vinnu t.d. með því að bjóða starfsfólki samgöngustyrki. Aðeins með því að virkja alla í samfélaginu er hægt að tryggja rétt allra til að búa í heilsusamlegum umhverfi.

Einkavæðing heilbrigðiskerfisins

Á undanförunum misserum hefur kostnaðarþátttaka sjúklinga og einkavæðing í heilbrigðiskerfinu aukist stórlega. Einhliða ákvarðanir stjórnvalda

hafa komið í bak landsmanna án umræðu um stefnu-breytingu í mála-flokknum. Mikill meirihluti almennings hefur lýst því yfir að heilbrigðisþjónusta skuli vera í höndum stjórnvalda enda sé einungis þannig hægt að tryggja jöfnuð. Reynsla annarra landa þar sem heilbrigðisþjónusta hefur verið einkavædd að hluta eða í heild, sýnir að hún leiðir af sér aukna kostnaðarþátttöku sjúklinga og lakari þjónustu.

Aukin kostnaðarþátttaka verður að teljast liður í einkavæðingarferlinu. Með því móti eru sjúklingar vandir við að greiða eigi fyrir þjónustu af þessu tagi og því ólíklegra að til baka yrði aftur snúið.

Aðalfundur SFR telur fullljóst að aðeins með opinberum rekstri heilbrigðiskerfisins sé hægt að tryggja jafnt aðgengi allra að heilbrigðisþjónustu, óháð efnahag. Einkavæðing heilbrigðiskerfisins veikir stoðir grunnþjónustunnar og tekur aðalfundur SFR því afdráttarlausu afstöðu gegn öllum aðgerðum í þá veru. Frekar ætti að færa rekstur heilbrigðiskerfisins í félagslegra horf enda skilar það betri og réttlátari þjónustu og minni kostnaði.

Áfengisfrumvarpið

Aðalfundur SFR lýsir yfir andstöðu sinni við frumvarp sem lagt hefur verið fram á Alþingi sem felur í sér afnám einkaleyfis Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins á smásölu áfengis og heimilar áfengisauklýsingar og hvetur þingmenn til að hafna frumvarpinu.

Af greinagerðinni við frumvarpið koma að mati SFR ekki fram nein málefnaleg rök fyrir breytingunni. Þvert á móti

hafa sérfræðingar lýst áhyggjum sínum af afleiðingum þess á heilbrigði almennings. Rannsóknir hafa sýnt fram á að aukið aðgengi að áfengi leiði til aukinnar neyslu þess. Samhliða þessu eykst samfélagslegur kostnaður og álag á heilbrigðiskerfi sem er nú þegar svelt. Af þessu má leiða að breytingar á lög-gjöfnni eins og hér eru lagðar til geti haft umtalsverðar afleiðingar fyrir samfélagið í heild.

Eitt af markmiðum stjórnvalda hefur verið að draga úr áfengisneyslu landsmanna. Þetta hefur m.a. verið gert með því að takmarka aðgengi að áfengi með aðhaldsaðgerðum á sölu. Í stefnu-yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er lögð áhersla á að stuðla að heilbrigði landsmanna og bættri lýðheilsu. Frumvarpið er beinlínis í andstöðu við þessi markmið.

SFR bendir einnig á að með því að leyfa sölu áfengis í búðum er verið að gera grundvallarbreytingar á þjónustunni. Verið er að heimila einkasölu áfengis í hagnaðarskyni. Núverandi dreifingar-aðili áfengis, ÁTVR, hefur ekki hvatt til aukinnar sölu áfengis enda stefna þess að vera fyrirmynd á sviði samfélagsábyrgðar og leggur ÁTVR því áherslu á að stuðla að ábyrgri áfengisneyslu og umgengi við áfengi. Ekki er gert ráð fyrir að sambærilegar skyldur verði lagðar á einkaaðila og gerðar eru nú til ÁTVR í þessum efnum. Með því að leyfa áfengisauklýsingar er verið að opna á áfengis-áróður gagnvart viðkvæmum hópum þar á meðal börnum og markaðsvæða þessa viðkvæmu vöru og þjónustu í nafni frelsis, sem stefnir enn fremur framangreindum markmiðum í hættu.



Trúnaðarmaður ársins

Páll Svavarsson var á aðalfundi SFR valinn trúnaðarmaður ársins. Páll var því miður fjarri góðu gamni á aðalfundinum en kíkti við á skrifstofu félagsins skömmu síðar þar sem formaður SFR Árni Stefán Jónsson afhenti honum viðurkenningarskjal og gjöf frá félaginu.

Fyrsti fundur nýrrar stjórnar SFR

Fyrsti stjórnarfundur nýrrar stjórnar SFR var í byrjun apríl. Ný stjórn skipti með sér verkum og mun Bryndís Theodórsdóttir áfram gegna embætti varaformanns og Gunnar Garðarsson verður áfram ritari. Nýja stjórn SFR skipa (frá vinstri á myndinni): Sigurlaug Hrefna Sverrisdóttir, Þórarinn Eyfjörð framkvæmdastjóri, Berglind Njálisdóttir, Þórey Einarsdóttir, Gunnar Garðarsson ritari, Elín Helga Jóhannesdóttir Sanko, Garðar Sveinsson, Ramuné Kamarauskaité, Viðar Ernir Aselsson, Jóhanna Lára Óttarsdóttir, Bryndís Theodórsdóttir varaformaður og Árni Stefán Jónsson formaður.



Aðalfundur St.Rv.



Aukin velferð og sanngjörn tekjuskipting

Aðalfundur Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar var haldinn í byrjun apríl. Formaðurinn Garðar Hilmarsson flutti skýrslu um félagsstarfið á liðnu starfsári. Ása Clausen fjármálastjóri lagði fram endurskoðaða ársreikninga félagsins og sérsjóða fyrir hönd Gunnars Rúnars Matthíassonar gjaldkera stjórnar. Kynnt var fjárhagsáætlun fyrir næsta ár.

Laganefnd hafði verið að störfum og voru samþykktar breytingar á reglum um allsherjaratkvæðagreiðslu þar sem aukin var sú lengd sem rafræn allsherjaratkvæðagreiðsla má standa. Breytingar urðu á reglugerð orlofssjóðs þar sem lögð er niður stjórn orlofssjóðs þar sem orlofsnefnd hefur nú víðara hlutverk en áður og stjórn félagsins þarf, samkvæmt reglugerð, að samþykkja allar fjárhagslegar skuldbindingar. Í tengslum við þessar breytingar breytist 13. gr. laga um aðalfundi en kjör á stjórn í orlofssjóð fellur út.

Lára Júlíusdóttir kjörstjóri félagsins kynnti niðurstöður stjórnarkjörs en kosin voru til næstu tveggja ára þau Þorsteinn V. Einarsson, Ingunn Hafðís Þorlákssdóttir, Þórdís Björk Sigurgestsdóttir, Gunnar Rúnar Matthíasson og Jón Bergvinsson. en Jón Svavarsson náði ekki kjöri. Fyrir í stjórn eru Garðar Hilmarsson, Guðríður Sigurbjörnsdóttir, Herdís Jóhannsdóttir, Sigrún Helga Jónsdóttir, Ingibjörg Sif Fjelsted og Ingvaldur Jónsdóttir.

Kjörnir voru fulltrúar til að gegna trúnaðarstörfum, í stjórn Styrktarsjóðs St.Rv., í stjórn Vinnudeilusjóðs og skoðunarmenn reikninga.

Ályktanir aðalfundar Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar

Kjaramál og félagslegur jöfnuður

Samkomulag aðila vinnumarkaðarins, SALEK rammasamkomulagið sem gert var í tengslum við kjarasamningsgerðina 2015, byggir á norræna samningalíkaninu. Í samkomulaginu var gerð tilraun til að samræma launapróun launafólks á vinnumarkaði til að ná fram og viðhalda efnahagslegum stöðuleika. Í framtíðarlíkani hefur rík áhersla verið lögð á að samfara efnahagslegum stöðugleika verði ríkisvaldið og sveitarfélög að koma að borðinu og tryggja félagslegan stöðugleika með áherslu á aukna velferð, sanngjarna tekjuskiptingu og réttlátan hlut í sameiginlegum sjóðum til handa öllu launafólki.

Aðalfundur Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar krefst þess að stjórnvöld leggi áherslu á grunnstoðir almannatjónustunnar. Velferðarkerfið er grunnstoð í norræna líkaninu og íslensk stjórnvöld verða því að leggja áherslu á þá þætti sem hafa áhrif á félagslegan stöðugleika, sbr. markmið samkomulagsins.

Viðræður milli aðila hafa nú legið niðri í nokkurn tíma og ekki er ljóst hvort þeim verði haldið áfram. Aðalfundur Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar skorar á stjórnvöld að leggja sitt að mörkum við að ná markmiðum um efnahagslegan og félagslegan jöfnuð.

Aðalfundur St.Rv.



Einkavæðing heilbrigðiskerfisins

Aðalfundur Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar fagnar því að heilbrigðisráðherra ætli að standast þrýsting hagsmuna- aðila, sem vilja hagnast á sjúklingum, með því að hafna rekstri einkarekins sjúkrahúss. Fundurinn vill leggja áherslu á að stjórnvöld leyfi ekki frekari einkavæðingu heilbrigðiskerfisins. Það er skýr vilji meirihluta þjóðarinnar að heilbrigðiskerfið sé rekið af opinberum aðilum. Fundurinn krefst þess að byggt verði upp öflugt heilbrigðiskerfi sem er rekið á réttlátan hátt af hinu opinbera fyrir skattfé landsmanna þar sem allir hafa jafnan aðgang.

Húsnæðismál

Aðalfundur Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar lýsir áhyggjum af stöðunni í húsnæðismálum ungs og tekjuminna fólks á höfuðborgarsvæðinu sem hefur hvorki efni á að leigja eða kaupa húsnæði.

Þrátt fyrir átak BSRB og ASÍ í byggingu leiguíbúða fyrir tekjuminna fólk er ljóst að það mun ekki anna eftirspurn. Fundurinn bendir á að í sumum nágrannalöndum eru sett takmörk fyrir því hvað verð á leiguíbúðum mega hækka en á Íslandi eru engin slík lög eða reglur sem verja leigjendur á þann hátt. Fundurinn skorar á stjórnvöld að gera heildstæða stefnu í húsnæðismálum og stuðningskerfi fyrir ungt og tekjuminna fólk.

Lífeyrismál

Aðalfundur Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar skorar á fjármálaráðherra að koma í gegn breytingum á lögum um lífeyrismál opinberra starfsmanna þannig að þau verði í samræmi við samkomulag sem bandalög opinberra starfsmanna gerðu við ríki og sveitarfélög 19. september 2016.

Afstaða opinberra starfsmanna byggði á þeim grunni að áunnin réttindi sjóðfélaga yrðu jafn verðmæt fyrir og eftir breytingarnar og hefur sú afstaða verið skýr allan tímann. Þrátt fyrir skýrt orðalag samkomulagsins ákvað Alþingi að standa ekki við þau fyrirheit sem gefin höfðu verið og gerði að engu það traust sem bandalög opinberra starfsmanna sýndu stjórnvöldum þegar fulltrúar þeirra undirrituðu samkomulagið.

Aðalfundur Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar fer því fram á að þetta verði leiðrétt og að staðið verði að fullu við samkomulagið frá 19. september á síðasta ári.

Vaxandi ójöfnuður

Aðalfundur Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar vill beina því til Alþingis að það berjist gegn ójöfnuði í landinu en vísbendingar eru um að ójöfnuður sé að aukast á ný í íslensku samfélagi. Ríkasti hluti þjóðarinnar á um tvo þriðju af öllum eignum landsins og fær til sín um helming allra ráðstöfunartekna.

MYND: KALLERNA (CC BY-SA 3.0)

HÖFUNDUR BH • KROSSGATUR.GATUR.NET

Verðlaunakrossgáta. Krossgátan er fastur liður í Blaði stéttarfélaganna, félagsmönnum vonandi til ánægju. Hægt er að senda inn réttar lausnir og dregið verður úr þeim sem berast fyrir síðasta móttökudag, sem að þessu sinni er 15. júní næstkomandi. Verðlaunin eru val á milli peningaupphæðar (12.000 kr.) eða helgardvalar í orlofshúsum félaganna frá 15. september til 1. maí að undanskildum páskum, jólum og áramótum. Nægilegt er að senda svarið ásamt nafni, kennitölu, heimilisfangi og símanúmeri til St.Rv. eða SFR, Grettisgötu 89, 105 Reykjavík. Vinsamlegast merkið umslagið „Krossgáta“. Einnig má senda svar á netfangið krossgata@bsrb.is



A-DEILD LSR

eftir 1. júní 2017

Nánari upplýsingar á www.lsr.is



Kynningarfundir um breytingar á A-deild LSR

Allir fundirnir hefjast kl 16:30

- Reykjavík** Hilton Reykjavík Nordica **10. maí** og **23. maí**
Fundunum verður streymt á heimasíðu LSR
- Akureyri** Hótel KEA **11. maí**
- Ísafjörður** Hótel Ísafjörður **15. maí**
- Egilsstaðir** Hótel Hérað **22. maí**



LSR

Lífeyrissjóður
starfsmanna ríkisins

Engjateigi 11
105 Reykjavík
Sími: 510 6100
Fax: 510 6150
lsr@lsr.is

www.lsr.is